LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSETUNGS!

Stéttabaráttan

Málgagn Kommúnistasamtakanna marxistanna-lenínistanna 5. tbl. 1972

„VALKOSTIR“ „ALÞÝÐUSTJÓRNARINNAR“

aukið arðrán og stórversnandi lífskjör verkalýðs til stuðnings aðkrepptu auðvaldi!

SÝNISHORN AF SPÁDÓMUM BORGARALEGU HAGFRÆÐINGANNA UM VÆNTANLEGAR VERÐHÆKKANIR TIL VERNDUNAR GRÓÐA AUÐVALDSINS.
(Tekið úr dagblöðunum f. 10. des.)
Á vegum ríkisvaldsins:

Gengisfelling 12%

Söluskattur úr 11% í 16 - 19%.
Áfengi og tóbak um 15% hækkun.
Á vegum borgarstjórnar:

Hitaveitugjald	13%
rafmagn	20%
strætisv. fargjald	44%
tekjuskattur	27%
fasteignagjöld	9,5%
kalda vatnið	16%
aðstöðugjald	23,6%.

Þeir "sérfræðingar í efnahagsmálum", sem "Alþýðustjórnin" kaus sér til aðstoðar við rannsóknir á efnahagsástandi íslenzka auðvaldsskipulagsins í dag og til að móta stefnu í efnahagsmálum, hafa nú skilað áliti sínu á núverandi efnahagsástandi og nánustu þróun þess. Þessi svokallaða "valkostanefnd" hefur að sjálfsögðu ekki komizt hjá að sjá hinar sívaxandi mótsagnir efnahagskerfisins og þá kreppu, sem nú hefur innreið sína og er ómótmælanlegt lögmál kapítalískra framleiðsluhátta. Sú mynd, sem "valkostanefndin" dregur upp af þróun atvinnuveganna á næsta ári, ber öll ljós merki kreppu þeirrar, sem öðru hvoru ríður yfir auðvaldsheiminn og ristir æ dýpra og varir lengur hvert skipti.

Þau úrræði, þeir "mörgu valkostir", sem nefndin býður upp á, bera allar að sama brunni. Til björgunar atvinnuvegunum (les: borgurunum) er aðeins ein leið fær, hvaða form sem hún tekur á sig, en það er að lækka laun verkafólks, þrengja að lífsskilyrðum þess. Hvort sem leiðirnar heita niðurfærsla, millifærsla eða gengislækkun hafa þær allar að geyma sama inntakið: meira arðrán, meiri kúgun á verkalýðsstéttinni.
Lækkun launa, aukin skattlagning, verðhækkanir, afnám vísitölu, gengislækkun! Á hverjum bitna þessar aðgerðir?

"Alþýðustjórn" - óhugsandi í borgaralegu þjóðfélagi.

Þó stéttvíst verkafólk hafi allt tímabil núverandi stjórnar gert sér grein fyrir, hversu útilokað er að stjórna hinni borgaralegu ríkisvél í þágu verkalýðsins, þá hefur sönnun þess aldrei orðið eins æpandi og nú. Hlutverk ríkisstjórnar í auðvaldsþjóðfélagi, hversu "góðan vilja" sem hún hefur, getur aldrei orðið annað en að halda ríkisvél auðvaldsins gangandi sem kúgunartæki gegn öreigastéttinni, því þannig er hún uppbyggð og það er hennar stéttareðli. Þar að auki getur engin ríkisstjórn stjórnað efnahagskerfi auðvaldsins, því það byggist á innri mótsögnum og innbyrðissamkeppni borgaranna, sem gerir það að verkum, að ekki er hægt að gera neitt heildarskipulag né fá neina yfirsýn yfir efnahagsgrundvöllinn. Í eðli sínu gerir ríkisstjórn auðvaldsins ekkert annað en staðfesta þær hræringar, sem hafa gerzt og eru að gerast í hagfræðilegum grundvelli auðvaldskerfisins.

Þannig hefur hin núverandi "alþýðustjórn" á engan hátt möguleika til að standa í þjónustu launavinnufólks og starfa fyrir það, heldur hafa þvert á móti öll hennar störf fyrst og fremst þjónað hagsmunum borgarastéttarinnar.

Ástand efnahagsmála í dag sýnir glöggt, hversu útlifað og rotið hið kapítalíska þjóðskipulag er. Það á enga lækningu við sínum síversnandi innri meinsemdum. Bráðabirgðalausnir og gálgafrestur eru þær ráðstafanir, sem borgararnir og ríkisvald þeirra grípa til, þegar brakar og brestur í stoðum efnahagskerfisins.

Magnús og Lúðvík, "sósíalistar" Alþýðubandalagsins, sannir fulltrúar íslenzka fjármálaauðvaldsins í ríkisstjórn!

Alþýðubandalagið - skósveinn borgarastéttarinnar!

Það er einkar lærdómsríkt fyrir verkafólk og kommúnista að fylgjast með starfi og stefnu Alþýðubandalgsins í tíð núverandi ríkisstjórnar. Með yfirlýsingum sínum og aðgerðum hefur Alþýðubandalagið fullkomlega afhjúpað stéttarlegt eðli pólitíkur sinnar og algjör svik við íslenzka öreigastétt.

Það hefur stutt útfærslu landhelginnar með klóm og kjafti, gert áætlun um iðnbyltingu (!), starfað að sjálfstæðri uppbyggingu atvinnuveganna og hrópað: "Ísland fyrir Íslendinga".

Ísland fyrir Íslendinga... Þetta nazíska slagorð sýnir einmitt vel afstöðu Alþýðubandalagsins til stéttabaráttunnar á Íslandi í dag, þar sem Ísland fyrir Íslendinga þýðir einfaldlega Ísland fyrir ríkjandi stétt - Ísland fyrir íslenzka borgarastétt.

Hverjir hafa hag af útfærslu landhelginnar? Iðnbyltingunni? Sjálfstæðri uppbyggingu atvinnulífsins? -- Verkafólk? Nei, að sjálfsögðu fyrst og fremst þeir, sem eiga togarana, iðnfyrirtækin, verksmiðjurnar, m.ö.o. framleiðslutækin, þ.e.a.s. borgararnir.

Hinir viðbjóðslega hræsnisfullu stéttsvikarar í Alþýðubandalaginu eru eitthvert liprasta verkfæri íslenzkra borgara, sem þeir nota til að treysta og auka arðráns- og kúgunarveldi sitt gagnvart öreigunum og jafnframt til að varpa huliðshjúpi á stéttabaráttuna og reyna að hindra útbreiðslu marxismans-lenínismans meðal öreigastéttarinnar.

Þjóðviljinn - málgagn auðvaldsins!

Í leiðara Þjóðviljans þann 8. desember s.l. segir svo um ástandið í efnahagsmálum:
"Hér er ekki um neinn óyfirstíganlegan vanda að ræða, en þeir sem hafa góðar meðaltekjur eða meira verða þó að taka þátt í að fleyta þjóðarbúskapnum yfir þennan hjalla, svo að tryggð verði framkvæmd gerðra kjarasamninga láglaunafólks og stjórnvöld þurfi í engu að hvika frá boðaðri stefnu íslenzkrar atvinnuuppbyggingar og aukins félagslegs öryggis og jafnréttis." (undirstr. okkar).

Fyrir ofan leiðara Þjóðviljans segir, að blaðið sé málgagn sósíalisma. Lengra verður vart náð í hræsni. Nú eiga íslenzkir öreigar að bjarga þjóðarbúskapnum (les: auðvaldsframleiðslunni) með því að herða sultarólina. Stéttasamvinnupólitík og yfirdrepsskapur Alþýðubandalagsins er orðinn svo skær, að sker í augun. Og nú er svo komið, að ekki kemur til mála, að Alþýðubandalagið hviki frá "boðaðri stefnu íslenzkrar atvinnuuppbyggingar", - auðvaldið á í erfiðleikum og fyrstu björgunarmenn á vettvang eru "sósíalistarnir" í Alþýðubandalaginu. Hin sósíaldemókratísku slagorð um aukið (!) félagslegt öryggi og jafnrétti (í auðvaldsþjóðfélaginu) hafa nú fengið sinn rétta samastað á leiðarasíðu Þjóðviljans.

Lítum aftur í leiðara sama blaðs tveim dögum síðar:
"Þau vandamál, sem hér er við að glíma, eru ekki þeirrar tegundar, sem upp koma, þar sem allt er í kalda koli.
Þvert á móti er í íslenzkum þjóðarbúskap við að stríða erfiðleika, sem oft fylgja mikilli velmegun og örri uppbyggingu það er þensla á flestum sviðum og gífurlegur framkvæmdaáhugi, en jafnframt verðmætasóun og skortur á heildarskipulagi og yfirsýn."

og enn:
"Samt gengur atvinnulífið sinn gang en stjórnvöld þurfa nú að beina íslenzku atvinnulífi inn á brautir hagrænni og skipulagðari reksturs, svo að ekki þurfi að koma til skerðingar lífs-

frh. á baksíðu

VÍETNAM: „Það sem ekki hefur unnizt í baráttunni er ekki hægt að vinna i samningaviðræðum“

Þjóðfrelsisher Suður-Víetnam, bráðabirgðabyltingarstjórnin og ríkisstjórn Norður-Víetnam hafa margsinnis sýnt einlægan vilja til að koma á friði í Víetnam. Þeir hafa boðið USA "æruverðan frið", það er að segja undankomu, áður en algjör ósigur staðfestist í reynd. Til að koma USA á brott frá Indókína hefur þjóðfrelsisherinn í Suður-Víetnam boðizt til að skipta völdum með öðrum pólitískum öflum í Suður-Víetnam í fullvissu síns eigin krafts og festu meðal alþýðunnar. USA-heimsvaldasinnarnir hafa neitað þessum tillögum og reynt á allan hátt að taka hernaðarlega frumkvæðið. Hin mikla sókn þjóðfrelsishersins í S.-Víetnam, sem hófst í vor, kollvarpaði síðustu vonum heimsvaldasinnanna. Árangurinn varð sá, að stór landssvæði voru frelsuð undan hervaldi leppstjórnarinnar í Saigon, og byltingarsinnuðum héraðsstjórnum var komið á eða leynilegar stjórnir komu fram í dagsljósið. Hvorutveggja hefði verið ómögulegt án forustu kommúnistaflokksins og stuðnings alþýðunnar.

Árangurinn varð einnig sá, að USA-heimsvaldasinnarnir neyddust til að ganga að samningaborðinu. 17. okt. s.l. komust USA og Norður-Víetnam ásamt bráðabirgðabyltingarstjórninni að samkomulagi um frið í Indókína. Eins og kunnugt er þá hófu bandarísku heimsvaldasinnarnir undanbragðapólitíkina, sem N.-Víetnam gerði opinbert 26. okt. s.l. Samkomulagið var birt ásamt kröfu um að USA skrifaði þegar og án tafar undir samningana.

Níu púnkta samningarnir.

Samningarnir eru í níu liðum og samsvara í stórum dráttum sjö púnkta friðaráætluninni, sem bráðabirgðabyltingarstjórnin lagði fram 1. júlí, 1971. Mikilvægi samninganna liggur í því, að hernaðarlegu og pólitísku lausninni verður að ná samtímis. Höfuðatriðin eru, að allt bandarískt herlið verði flutt frá Víetnam og að alþýða landsins ráði framtíð þess afskiptalaust. Her Saigonstjórnarinnar og þjóðfrelsisherinn eiga að halda kyrru fyrir á þeim stöðum, sem þeir hafa á valdi sínu við undirskrift samningsins, og samsteypustjórn verði komið á til að sjá um almennar kosningar.

Bandarískur her á að hætta öllum sprengiárásum, tundurduflalögnum og öðrum hernaðaraðgerðum gegn Indókína. Bandarískt herlið á einnig að hafa sig á brott frá Kambódíu og Laos án íhlutunar. Hvað þessi lönd viðkemur hafa ekki verið gerðar neinar samþykktir um samsteypustjórnir, enda eru leppstjórnirnar í þessum löndum ýmist að falla saman (í Kambódíu) eða hafa sig í frammi við að ná samningum við skæruliðana, áður en það verður um seinan (í Laos). Til þess að komast fyrr að samningi um frið gáfu Norður-Víetnamar og bráðabirgðabyltingarstjórnin USA eftir kröfu sína um að Thieu-klíkan verði að víkja tafarlaust.

Undanbragðapólitík USA.

Bandarísku heimsvaldasinnarnir drógu málin á langinn fram yfir kosningar heima fyrir, á

frh. á bls. 7


RAUÐI FÁNINN
Fræðilegt málgagn Kommúnistasamtakanna m-l.1.tbl. 1.árg. nóv.'72
Samþykktir
1.þings
KSML

RAUÐI FÁNINN - fræðilegt málgagn KSML er kominn út. Fyrsta tölublaðið inniheldur samþykktir og ályktanir stofnþings Kommúnistasamtakanna m-l frá í ágúst s.l.
Í inngangi ritsins segir svo um hlutverk þess: "Fremsta hlutverk blaðsins er að skóla félaga samtakanna og vera vettvangur fræðilegra skoðanaskipta, sem stefna að framþróun byltingarsinnuðu fræðikenningarinnar í þjónustu byltingarsinnaða starfsins."
Ennfremur: "Það er skoðun okkar, að umræður um fræðileg vandamál skuli fara fram fyrir opnum tjöldum. Við viljum ekki halda leyndum skoðunum okkar og afstöðu, jafnt í þeim málum, þar sem þær eru ekki fullmótaðar og þeim, sem enn hefur ekki náðst samstaða um. Við álítum það kost, að sem flestir séu með í skoðanaskiptunum; því opinskárri og skarpari sem skoðanaskiptin eru, þess ljósari og meira alhliða verður árangurinn."
Áætlað er að ritið komi út ársfjórðungslega og er áskriftarverð 150 kr., stuðningsáskrift 300 og baráttuáskrift 500 kr. á ári. Gerist áskrifendur og hafið samband við sölufólk Stéttabaráttunnar eða skrifið til KSML, Pósthólf 1357, Rvk.

Stéttabaráttan

Stéttabaráttan 5. tbl. desember 1972

Útgefandi: Kommúnistasamtökin m-l
P.O. Box 1357,
Rvk.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hjálmtýr Heiðdal.

Leiðari:

Undir leiðsögn KSML er byltingarsinnuð barátta öreiganna hafin að nýju. Með námsstarf í marxismanum-lenínismanum sem höfuðverkefni eru verkamenn hvattir til að byggja upp kommúnistaflokk, sem leitt getur þá til sigurs í stéttabaráttunni.

Til að sigra auðvaldið er einnig nauðsynlegt að vinna sigur á hentistefnugerpunum í Alþýðubandalaginu og stéttsvikurunum í verkalýðsforystunni, sem reyna að leiða verkalýðinn frá átökum við sinn raunverulega andstæðing, kapítalistana. Þess í stað halda þessar hækjur borgaranna innan verkalýðshreyfingarinnar því fram, að baráttan standi við afleiðingarnar, en ekki orsakirnar, þ.e.a.s. að öreigunum beri að styðja og styrkja kúgara sína í blíðu og stríðu, það sé um sameiginlega hagsmuni öreiganna og borgaranna að ræða.

Gegn þessari stéttasamvinnupólitík setja KSML fram vígorðið - stétt gegn stétt, berjumst á framsýnan hátt gegn orsökum arðráns og kúgunar á öreigastéttinni, mölbrjótum ríkisvald borgaranna og byggjum alræði öreiganna, sósíalismann.

Til þess að kommúnistaflokkurinn verði laus við ýmsar vinstri grillur hentistefnunnar er nauðsynlegt, að hann byggist á þeim grundvelli, sem námsstarfið setur. Þess vegna er höfuðverkefni öreigastéttarinnar í dag byltingarsinnað námsstarf.
Námsstarfið hefur tvær hliðar: nám og rannsóknir. Fram að þessu hefur námið sjálft verið ráðandi í námsstarfinu, þ.e. nám í verkum Marx, Engels, Leníns, Stalíns og Maós Tsetungs, en það er sameinuð reynsla öreigastéttarinnar á heimspekisviðinu, í þjóðhagfræðinni, ásamt reynslunni í stefnu og starfi fyrir byltingarsinnaða baráttu öreigastéttarinnar.
Undir hina hlið námsstarfsins, rannsóknarstarfið, heyra rannsóknir á stéttabaráttunni, bæði fyrr og nú, vísindaleg krufning á íslenzka auðvaldsþjóðfélaginu til að öreigarnir geti gert sér grein fyrir stöðu sinni, vinum og óvinum í hörðustu átökum stéttabaráttunnar, sósíalísku byltingunni.

Nú þegar hafa KSML hafið skipulagðar rannsóknir á sögu íslenzku stéttabaráttunnar og hagfræðilegum grundvelli íslenzka auðvaldsskipulagsins, og með eigin drögum að stéttaskilgreiningu á íslenzka þjóðfélaginu ásamt pólitískum grundvelli KSML, sem samþykktur var á stofnþinginu, hafa KSML mótað marxíska-lenínínska afstöðu til stéttabaráttunnar á Íslandi í dag.

PÓLITÍSKUR GRUNDVÖLLUR KSML.

Eftir stofnþingið, þar sem pólitískur grundvöllur samtakanna var lagður, hefur allt starf fengið fastara og ákveðnara skipulagsform.
Í pólitískum grundvelli KSML er svarað eftirfarandi þrem höfuðspurningum; hvernig er stéttabaráttan höfuðdrifkraftur þjóðfélagsþróunarinnar, hver er þróun auðvaldsins og lögmál þess og að síðustu spurningunni um það lögmál, að þróunin verði kapítalismi-sósíalismi-kommúnismi.

Svarið við 1. spurningunni, um það hvernig stéttabaráttan er höfuðdrifkraftur þjóðfélagsþróunarinnar, sjáum við í sögu stéttaþjóðfélaganna. Allt frá þeim tíma, er menn fóru að framleiða meir en þeir þurftu sér til framfæris, hafa verið til andstæðar stéttir.

Stéttir þeirra, sem slógu eign sinni á þessa umframframleiðslu og hinna, sem sköpuðu hana. Þannig var þrælaþjóðfélagið þjóðfélag tveggja megin stétta, þræla og þrælahaldara. Vegna þeirra breytinga á framleiðslunni, sem stórjarðeigendastéttin (síðar lénsstéttin) skapaði í valdabaráttu sinni varð hún að afsala sér réttinum til þrælsins.

Hin byltingarsinnaða stétt í lénsveldinu var borgarastétt okkar tíma. Fulltrúar stóriðnaðarins veltu lénsveldinu úr sessi af fullkomnu miskunnarleysi í blóðugum stéttastríðum. En um leið og borgararnir reistu alræði sitt og sköpu auðvaldsþjóðfélagið, sköpu þeir einnig þá stétt, sem bylta mun þeim sjálfum úr sessi, öreigastéttina.

Í spurningunni um þróun auðvaldsins og lögmál þess er skýrt út á marxískan hátt, hvernig auðvaldsþjóðfélagið er síðasta stéttaþjóðfélagið, sem byggir á kúgun lítils og minnkandi hóps á meirihluta þjóðfélagsins og hvernig öreigastéttin er hin framsýna stétt, sem óhjákvæmilega mun taka við af getulausri borgarastétt til þess að þróa framleiðsluna áfram á eðlilegan hátt.
Eitt mikilvægasta hagfræðilega lögmál auðvaldsþjóðfélagsins eru kreppurnar, sem koma reglulega fram á sjónarsviðið. Þessar offramleiðslukreppur stafa ekki af því að of mikið sé til af vörum eða framleiðslutækjum í heiminum, heldur liggja aðrar ástæður til þess að vörurnar hlaðast upp í vöruskemmunum. Raunverulega ástæðan er sú, að þegar auðvaldið fær ekki hámarksgróða er hagkvæmara fyrir það að láta vörurnar hlaðast upp eða eyðileggja þær, frekar en selja þær undir framleiðslukostnaði, og á meðan auðvaldið eyðileggur vörurnar í vöruskemmunum líður alþýðan skort.

Mikilvægasta spurningin, sem pólitíski grundvöllurinn svarar er sú, sem fjallar um það lögmál, að þróunin sé kapítalismi-sósíalismi-kommúnismi. Sagan hefur sýnt, að þetta er rétt. Byltingin í Sovétríkjunum 1917 og síðan í Kína 1949 hafa sannað, að sósíalisminn tekur við af kapítalismanum og aðeins í sósíalíska þjóðskipulaginu skapast grundvöllurinn, sem stéttlausa þjóðfélagið getur byggt á.

Þannig er pólitíski grundvöllurinn uppgjör við allar borgaralegar og smáborgaralegar stefnur, sem er að finna í auðvaldsþjóðfélaginu og reynt er að dreifa meðal verkalýðsins.

Út frá pólitíska grundvellinum tökum við því afstöðu gegn ríkisvaldi borgaranna og stéttsvikurunum í forystu verkalýðshreyfingarinnar.

EFNAHAGSRÁÐSTAFANIR RÍKISSTJÓRNARINNAR.

Skipulagsleysi framleiðslunnar er forsendan fyrir höfuðlögmáli auðvaldsþjóðfélagsins, kreppunum. Kapphlaup einstakra borgara eftir hámarksgróða ræður öllum þeirra gerðum sem og ríkisvalds þeirra. Gott dæmi um, að það eru lögmál frumskógarins, sem gilda á markaði auðvaldsins, eru efnahagsráðstafanir núverandi ríkisstjórnar og orsakir þeirra.

Orsakir efnahagsvanda borgaranna í dag er fyrst og fremst sá, að þeir eru að endurnýja framleiðslutæki í geysimiklum mæli, og kvartanir útgerðarauðvaldsins um að ekki sé hægt að gera út nýju togarana (um 40 stk.) stafa af því, að sá hluti höfuðstólsins (óbreytilega auðmagnið), sem fara á til endurnýjunar framleiðslutækja, hefur farið langt yfir eðlileg mörk. Þetta leiðir til þess að fulltrúar fjármálaauðvaldsins í ríkisstjórn eiga ekki nema eitt andsvar, sem getur tekið á sig margvísleg form, en það er að lækka laun verkalýðsins til að endarnir nái saman og gróði kapítalistanna verði sem mestur.

Þær ráðstafanir, sem "valkostanefndin" leggur til eru því í beinum tengslum við vandræði útgerðarauðmagnsins, "lækkun launa, millifærsluleið, sem er líka leið til lækkun launa verkalýðsins, eða gengislækkun."
Þannig hafa hinir borgaralegu hagfræðingar auðvaldsins enn komizt að einu lausn auðvaldsþjóðfélagsins til að vernda hámarksgróða kapítalistanna; lækka laun verkalýðsins.
Í kjaraskerðingarsókn sinni ætlar þessi ríkisstjórn, eins og sú fyrri, að halda eftir 2 vísitölustigum, sem samið hefur verið um, og sjálfsagt í fullu samráði við verkalýðsforystuna.

Öreigastéttin getur því ekki frekar búizt við betri kjörum, hvort sem fjármálunum er stjórnað af Halldóri S. eða Magnúsi J., því báðir þessir herrar hafa enga hagsmuni aðra en borgaranna, dyggilega studdir af hentistefnuforystu verkalýðssamtakanna.

Hinar "hetjulegu" yfirlýsingar ASÍþingsins sýna bezt, hvernig verkalýðsforystan er gegnumsýrð af borgaralegum hagsmunum einum saman, þar sem leitast er við í öllum málum að telja öreigunum trú um að borgaralega hugmyndafræðin, stéttasamvinnan, sé þeirra eigin hugmyndafræði og að hagsmunir kapítalistanna séu jafnframt hagsmunir öreiganna.

ASÍ ÞINGIÐ.

Nýlokið er þingi aðalfulltrúa stéttasamvinnunnar innan verkalýðshreyfingarinnar, ASÍ þinginu. Sú lína, sem þingið markar í kjaramálum, er dæmigerð fyrir alla pólitík stéttasamvinnunnar. Þrátt fyrir stórhækkað verðlag á lífsnauðsynjum, sem ætti að þýða andsvar af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, er yfirlýsing ASÍ: "ekki skal hróflað við þeim kjarasamningum, sem ákveðnir voru með frjálsum og í gildi eru til 1. nóv. 1973."

Þó að stefnan í verki sé lækkun launa og alls konar stuðningur við borgarana er stefnan önnur í orði. "Hvíldartími á togskipum 300 rúmlesta og stærri verði sá sami og á togurunum." Þannig láta þessar senditíkur borgaranna gamminn geysa um mál, sem ekki koma til með að skerða á nokkurn hátt gróða kapítalistanna.

Niðurstaða þingsins er því, að það styður kjaraskerðinguna og hvetur öreigana til þess að þakka stéttaróvini sínum enn betur með því að styðja og styrkja hann sem bezt í útvíkkun einokunarsvæðis síns (landhelginnar).

ASÍ OG ALÞJÓÐAHYGGJAN.

Þegar ASÍ ætlaði að sýna alþjóðahyggju öreiganna í verki tókst það heldur bögulega, sem vonlegt var. Send var áskorun til ríkisstjórnarinnar þess efnis að viðurkenna DDR (Austurþýzka Alþýðulýðveldið). Hér kom vel í ljós, að þessi áskorun var ekki ætluð sem alþjóðahyggja í verki heldur sem stuðningur við utanríkisstefnu ríkisstjórnarinnar, því í viðtali við Einar Ágústsson skömmu síðar kom í ljós, að ríkisstjórnin stefndi að viðurkenningu DDR fyrir áramót. Þar með eru leikfimisæfingar stéttasamvinnunnar á sviði alþjóðahyggjunnar upp taldar.

Aftur á móti tókst stéttsvikurunum betur upp, þegar styðja átti heimsvaldastefnu íslenzku borgaranna í ásælni þeirra eftir einokun á hráefnislindum (landhelginni). Þar láta þeir sér ekki nægja aðeins innihaldslausar yfirlýsingar, heldur krefjast þeir framkvæmdasemi af öreigastéttinni. En að krefjast framkvæmdasemi af öreigunum í þágu einkahagsmuna íslenzku borgaranna gegn þeim brezku þýðir að ganga erinda borgaranna. Þannig ganga verkalýðsforingjarnir erinda borgaranna í öllum málum og munu halda áfram að gera, nema því aðeins að öreigastéttin skipuleggi sig sjálfstætt í byltingarsamtök og með fræðikenninguna að vopni hrindi af höndum sér öllum stéttasamvinnupáfum og fylki sér til baráttu undir vígorðinu: STÉTT GEGN STÉTT.

★

Stéttabaráttan: Málsvari öreigastéttarinnar

Stéttabaráttan hefur lokið 1. árgangi sínum. Í Febrúar s.l. kom út 1. tbl. og síðan hafa komið 4 blöð á um það bil tveggja mánaða fresti. Hér er ekki ætlunin að gera úttekt á blaðinu og starfinu við það þennan 1. árgang, aðeins drepa lauslega á þau atriði, er fyrst koma í ljós.

Þá ber að sjálfsögðu fyrst að nefna mikilvægi útgáfu blaðsins, þ.e.a.s. að marxískt-lenínískt málgagn skuli nú vera að finna á Íslandi að nýju eftir tæplega fjögurra áratuga hlé, sem þjónar hagsmunum verkalýðsstéttarinnar og vinnur að útbreiðslu marxismans-lenínismans meðal hennar. Fyrstu tölublöð Stéttabaráttunnar bera þess glögglega merki, að hér er um byrjunarspor í byltingarstarfi að ræða. Þau hafa öll sína galla, mismunandi mikla, sem eiga sínar eðlilegu orsakir í reynsluleysi í kommúnísku starfi. En þeir gallar hafa einnig orðið okkur til gagns. Með því að rannsaka þá og komast fyrir um eðli þeirra og forsendur drögum við saman reynslu starfs okkar til lærdóms, sem gerir okkur kleift að þróast fram á við.

Í Samþykkt um áróðursstarfið frá stofnþingi KSML segir um Stéttabaráttuna:
"Stéttabaráttan er málgagn samtakanna og ber að færa út pólitíska línu þeirra. Hún er sameiginlegt áróðurstæki þeirra og skipuleggjandi. Stéttabaráttan er helzta tækið til þess að ynna það verkefni af höndum að sameina sósíalismann og verkalýðinn. Í reynd þýðir þetta að sýna fram á tilveru allra stétta og hópa þjóðfélagsins, raunverulega hagsmuni þeirra sem stétta, innbyrðis afstöðu þeirra til framleiðslunnar og ríkisbáknsins.
Til þess að Stéttabaráttan geti orðið alhliða og lifandi áróðurstæki verður hún sífellt að kynna pólitíska og ökónómíska misbresti hins rotnandi kapítalíska kerfis, innri móthverfur þess og benda á nauðsyn nýs samfélags, hins sósíalíska, þar sem verkalýðsstéttin hefur með alræði öreiganna orðið hin ráðandi stétt."

1. tbl. Stéttabaráttunnar



- ★ "Sagan á umliðnum öldum hefur verið saga um stéttabaráttu"
- ★ Fyrstu drög að byltingarsinnaðri stéttaskilgreiningu á íslenzka þjóðfélaginu
- ★ Hugmyndafræði smáborgaralegu sósíalistanna
- ★ Útþensla heimsvaldastefnunnar og kvislingarnir í Bangla Desh

Í þessum fimm fyrstu blöðum hefur verið unnið skv. inntaki ofanskráðrar tilvitnunar með mismunandi góðum árangri (sjá framar). Sameiginlegt er þó með þessum fyrstu blöðum og áróðursstarfinu til þessa, að það einkennist heldur af almennum skilgreiningum og fjalla á almennan hátt um þau fyrirbæri og málefni, sem tekin eru fyrir. Þetta er óhjákvæmilegt á meðan samtökin eru að stíga fyrstu skrefin og hafa nýhafið markvissar rannsóknir á hinum ýmsu þáttum íslenzkaauðvaldskerfisins. Einnig ber að gæta þess, að á meðan útgáfutíðnin er jafn hæg og raun ber vitni hindrar það náið lifandi samband við hina daglegu stéttabaráttu öreiganna. Fyrrnefndar aðstæður koma til með að breytast nú með vaxandi starfi að rannsóknar- og áróðursmálum samfara því, sem stefnt er að aukningu útgáfutíðninnar með því að gera blaðið að mánaðarblaði innan eins árs.

Stéttabaráttan
Stofnþing KSML
BARÁTTA OKKAR ER STÉTT GEGN STÉTT

Skrifið í STÉTTABARÁTTUNA

Til þess að gera blaðið meira lifandi og alhliða beinum við þeirri áskorun til lesenda blaðsins, að þeir sendi Stéttabaráttunni greinar, fréttir, athugasemdir o.þ.h. úr hinni daglegu stéttabaráttu til birtingar í Stéttabaráttunni.
Stuttar frásagnir, jafnvel fáeinar línur, þar sem komið er að kjarna málsins, geta haft jafn mikið gildi og fræðileg útlistun á viðfangsefninu.

Einnig skorum við eindregið á lesendur blaðsins að senda gagnrýni á Stéttabaráttuna og tillögur um betri tilhögun og efni blaðsins.
Skrifið til: Stéttabaráttan, Pósthólf 1357, Rvk.

STÉTT GEGN STÉTT

Heimsvaldasamsteypurnar undirbúa nýja heimsstyrjöld í harðnandi kreppu

Kreppur og stríð fylgja auðvaldinu.

Kreppur og styrjaldir hafa verið ólæknandi fylgikvillar auðvaldsskipulagsins frá upphafi þess. Á seinni hluta síðustu aldar komu kreppurnar reglulega með u.þ.b. 10 ára millibili. 1873 tók auðvaldsheimurinn kreppusótt og reis ekki upp úr henni fyrr en upp úr aldamótum og þá á nýju og jafnframt síðasta stigi, heimsvaldastefnunni. Samkeppnin hafði þá gert út af við fjölda smáframleiðenda og eftir stóðu æ færri auðjöfrar, sem einir gátu ráðizt í þau stórfyrirtæki og tækninýjunar, sem gerði þeim kleift í bili að framleiða undir almennum framleiðslukostnaði. Þá gátu þeir undirboðið keppinautana og sett þeim úrslitakosti. Jafnan verður niðurstaðan sú, að stórfyrirtækin gleypa mörg smærri og semja síðan við önnur stórfyrirtæki á sama sviði um framleiðsluna og ákveða verðið. Með þessu móti ná þau einokunaraðstöðu á markaðinum.

Þegar auðvaldið hafði náð þessu stigi, heimsvaldastefnunni, risu upp ýmsir spekingar, jafnvel úr röðum sósíalista, og boðuðu, að nú væri kreppunum rutt úr vegi, framleiðslueiningarnar væru svo stórar, að hægt væri að skipuleggja framleiðsluna. Í rauninni höfðu þeir endaskipti á staðreyndunum. Framleiðslueiningarnar eru nú svo stórar, að skipulagsleysi framleiðslunnar er enn hrikalegra og tiltakanlegra en áður. Samkeppnin um gróðann er ennþá leiðarvísir framleiðslunnar, markaðurinn er enn óvissari stærð en áður, og hver auðhringur reynir að hrifsa til sín stærstu bitana. Fyrsta heimsstyrjöldin var stundarlækning á markaðsskortinum. Eftir hana hlaut að koma kreppa á ný, og sú varð víðtækari og hrikalegri en nokkur fyrri, heimskreppan. Á hana dugði ekki minni sáralækning en ný heimsstyrjöld.

Hvers vegna kreppur og stríð?

Hvernig getum við þá fullyrt, að kreppur og styrjaldir séu ólæknandi fylgikvillar auðvaldsskipulagsins? Í fyrsta lagi hefur sagan sýnt þetta. Í öðru lagi sést með athugunum, að lögmál auðvaldsþjóðfélagsins leiða af sér kreppur og styrjaldir, að þau liggja sem hlekkur í hagkerfinu, en eru á engan hátt "slys" eða "mistök".

Kapítalísk framleiðsla getur ekki staðið í stað. Sá auðmaður, sem hvílist á lárviðarsveigum, verður undir í samkeppninni. Hann verður sífellt að auka vélakostinn og framleiða með minni kostnaði en keppinauturinn. Þannig nær hann í aukagróða, þar til að keppinauturinn hefur náð forskotinu með sömu meðulum. Auðmaðurinn verður þannig sífellt að leggja út meira og meira fé í tæki, og þegar til lengdar lætur verður gróðinn æ minni í hlutfalli við allt, sem hann leggur í tækin. Þetta stafar af því, að það er aðeins vinnuaflið, sem skapar gróðann, þegar til lengdar lætur. "Forskots"-gróðinn er tímabundinn. Fyrsta svar auðmannsins við tilhneigingu gróðahlutfallsins til að minnka verður það að auka arðránið á því vinnuafli, sem hann hefur, og að leita stærri markaða til að auka heildargróðann með því að selja fleiri einingar.

Á skeiði heimsvaldastefnunnar keppa risavaxin fyrirtæki um gróðann og leita að sjálfsögðu allra ráða. Mikilvægar leiðir í því sambandi eru að nota ódýrt vinnuafl í kúguðu löndunum, tryggja sér hráefnalindir til að geta einokað markaðinn, og þegar fram í sækir að leggja undir sig markaði og hráefnalindir með opinni eða dulinni valdbeitingu - og sem síðasta úrræði að heyja styrjöld til að skipta mörkuðum upp.

Eitt helzta ráð kapítalistanna til að berjast við gróðahlutfallið er að auka sífellt framleiðsluna. Í kapítalismanum getur ekki verið um neitt skipulag á framleiðslunni að ræða. Hér gildir aðeins að koma sem fyrst með sem mest magn á markaðinn til að ná sem mestum gróða. Í þessu skyni geta einstök fyrirtæki, auðhringar eða jafnvel lönd unnið saman um nokkurt skeið, en ævinlega til að bæta samkeppnisaðstöðuna, þ.e. til að auka stjórnleysið. Að lokum fyllast allir markaðir af vörum, sem ekki fást kaupendur að. Og kapítalistarnir geta heldur ekki aukið kaupmáttinn, því að annað ráð þeirra er að þrýsta laununum niður, þegar kreppir að gróðanum. Nýbyggðar íbúðir standa tómar, en samtímis er húsnæðisskortur. Auðmennirnir verða að draga úr framleiðslunni, loka verksmiðjum og segja upp verkamönnum. Kaupmátturinn í samfélaginu minnkar enn. Í fyrsta (og síðasta) sinn í sögunni virðist framleiðsluaukning vera orðin þjóðfélagsböl. En bölið er ekki framleiðslan sjálf, heldur ósættanleg móthverfan milli félagslegs eðlis framleiðslunnar og einkaeignarinnar á framleiðslutækjunum, sem aðeins verður leyst með því að afnema þessa einkaeign.

Þegar kreppan lætur á sér kræla, verður baráttan um markaðina margfalt grimmilegri, og uppskiptastríð verður ævinlega lokaúrræðið. Með stríðinu ávinnast hinum sigursælu auðjöfrum nýir markaðir, sem þeir taka frá óvinunum, auk markaðarins, sem eyðileggingin á framleiðslutækjunum skapar (einkum í óvinalöndunum, auðvitað). Hervæðingin opnar einnig nýja heilsulind, vopnamarkaðinn. Gróðahjól auðvaldsframleiðslunnar snúast af stað á ný.

Ný heimskreppa í uppsiglingu.

Eftir tiltölulega langt hagvaxtarskeið (með tíðum minni háttar hagsveiflum) eftir aðra heimsstyrjöldina hallar enn á ný undan fæti fyrir auðvaldinu í átt til nýrrar heimskreppu.

Einokunarkapítalistarnir í dag eru farnir að þreifa á þessum veruleika. Þannig sagði forstjóri skipasmíðastöðvarinnar Kockums í Svíþjóð við heimkomuna frá Japan á dögunum, þar sem hann ræddi við "starfsbræður" sína:

"Þetta voru óskemmtilegar viðræður. Japanir hafa einsett sér að brjóta fyrri samninga og gera ráð fyrir að ná undir sig 70% af skipamarkaðinum í heiminum eftir fáein ár. Það er allt annar Japani, sem mætir manni nú. Vingjarnlegi, brosmildi Japaninn, sem áður var, er horfinn. Tónninn er sá sami, sem var ríkjandi á þriðja og fjórða áratugnum, einræðisríkið er þar aftur."

Forstjórinn er auðvitað hneykslaður á rofnum samningum. Þannig er gangurinn í heimsvaldakreppunum: samningar gerðir hér og þar um sinn til að klóra í bakkann, samsteypur og bandalög gerð til að klekkja á keppinautunum, - en þó aldrei lengur en hagsmunir hinna sterkustu bjóða. Og hagsmunaböndin og samkeppnin ganga á víxl. Þannig var á skipasmíðaráðstefnunni í Japan. Skipakóngarnir í Efnahagsbandalagslöndunum voru sammála um að láta ríkisstjórnir sínar (stéttareðli ríkisvaldsins verður aldrei ljósara en í kreppum og styrjöldum) hóta verzlunarstríði við Japan. En fulltrúi sænska ríkisins tók ekki undir þetta. Ástæðan var sú, að tveir af þrem stærstu skipasmíðakapítalistum Svíþjóðar eru jafnframt stórútgerðarmenn og hafa sem slíkir hagsmuni af viðskiptum við Japan.

Heimsvaldasamsteypurnar leita höfanna.

Efnahagsleg, pólitísk og hernaðarleg drottnun bandarísku heimsvaldasinnanna yfir auðvaldsheiminum hefur verið einkennandi frá stríðslokum. Grundvallarstyrkur heimsvaldalandanna er jafnan efnahagslegur. Þannig stóðu Bandaríkin uppi eftir stríð með nær allar verksmiðjur óskemmdar og framleiddu meira en helming allrar iðnaðarframleiðslu í auðvaldsheiminum. En jöfn og skipuleg þróun einstakra fyrirtækja, framleiðslugreina eða landa er óhugsandi í kapítalismanum. Smám saman komust önnur heimsvaldalönd fram úr. Framleiðslan í Bandaríkjunum var ekki lengur sá höfuðstóll, sem tryggði dollarnum stöðu sem alþjóðagjaldmiðill. Dollarinn féll, þó að önnur heimsvaldalönd yrðu að taka á sig hluta af skellinum vegna hernaðarlegrar og pólitískrar yfirdrottnunar Bandaríkjanna, sem enn er sterk frá fyrri tíð.

Heimsveldi Bandaríkjanna samsvarar nú ekki lengur efnahagslegri "getu" þeirra. Önnur heimsvaldalönd hrifsa til sín æ stærri sneiðar. Efnahagsbandalag Evrópu er stofnað í þessum tilgangi. Vestur-Þýzkaland hefur örasta framleiðsluaukningu (sjá línurit) og er því leiðandi og hervæðist af kappi. Bandalagið tryggir öruggari kúgunartök Þýzkalands og fleiri ríkja á verkalýðnum í framandi löndum og samstilltari aðgerðir gegn bandarískum fyrirtækjum. Þannig hafa þýzk fyrirtæki t.d. náð undir sig bróðurpartinum af efnaiðnaði og -markaði Spánar frá bandarískum. Samningarnir milli Bonn og Moskvu, sem Willy Brandt fékk friðarverðlaun Nóbels fyrir, eru heimsvaldasamningar af fyrstu gráðu. Krupp, Thyssens, Siemens og fleiri eru þegar lagstir á rússneskan verkalýð og þyrstir í meira. "Vesturaðilinn sækist austan megin eftir hæfu vinnuafli með hagstæðum skilmálum", segir í greinargerð vestur-þýzka efnahagsráðuneytisins frá í haust.

Austurviðskiptin, aukinn heimsvaldagróði í kúguðu löndunum og hervæðing - þetta er engin tilviljunarkennd pólitík, heldur sköpuð af brýnni þörf auðvaldsins á auknum mörkuðum og nýjum arðránsleiðum til að auka gróðann. Hve "þörfin" var brýn kom í ljós 1966-67, því að þá hóf kreppan innreið sína í Vestur-Þýzkalandi, en var afstýrt í bili með þessum aðgerðum.

Einokunarborgararnir í Sovétríkjunum hafa einnig öll spjót á lofti til að auka heimsvaldagróða við hert arðrán innanlands. Comecon sem efnahagsbandalag Austur-Evrópuríkja (nema Rúmeníu, Júgóslavíu og auðvitað Albaníu) ásamt Kúbu er eitt helzta tæki sovétborgaranna til að arðræna grannlöndin og fleyta rjómann af t.d. samningunum við Bonn. Í því skyni hafa þeir opnað alþjóðlegan fjárfestingarbanka, sem starfar á nákvæmlega sama hátt og aðrir heimsvaldabankar (vextir 5 - 7,5%, ákvörðunarvaldið hefur einfaldur meirihluti og æfðir gróðasérfræðingar gera áætlanirnar eftir hagnaðarvoninni). Í ýmsum löndum tíðka Sovétborgararnir allnákvæma eftirlíkingu af Marshallhjálpinni, t.d. í Indónesíu, Ceylon, Írak og Egyptalandi. Á Indlandi og í Bangla-Desh náðu þeir öruggum tökum um leið og Bandaríkin misstu af lestinni. Við Japan hafa þeir gagnkvæma arðránssamninga, einnig eru miklar áætlanir í bígerð við Bandaríkin.

Japan hefur haft langörasta framleiðsluaukningu allra auðvaldslanda á síðustu árum (sjá línuritið), ekki sízt vegna dæmafárrar arðránskúgunar á japönskum verkalýð. Nú streymir japanskt fjármagn inn víða, þar sem bandarískt fer út. Ódýrar japanskar vörur flæða um markaðina. Hervæðingin er geysileg.

Stríð eða bylting?

Það eru fleiri en Kockumsforstjórinn, sem hafa fengið að kenna á vaxandi kreppu. Atvinnuleysi er þegar tiltakanlegt í ýmsum löndum, t.d. Bandaríkjunum, Bretlandi og Svíþjóð. Engar aðgerðir ríkisstjórnanna í auðvaldslöndunum geta stöðvað kreppuna eða bægt frá styrjaldarhættunni. Framleiðsluhættir auðvaldsins stefna lögmálsbundið í þessa átt. Aðeins sósíalíska byltingin getur leitt þá á annað stig, eytt þeim og hafið nýja framleiðsluhætti, þar sem yfirráðin yfir framleiðslutækjunum eru í samræmi við félagslega framleiðsluna og þarfir þjóðfélagsins. Gróðalögmálið hverfur og með því hinn ójafni vöxtur framleiðslunnar. Gnótt af framleiðsluvörum orsakar þá ekki lengur framleiðslustöðvun og skort, heldur sífellt meiri fullnægingu þarfa.

Hlutverk kommúnista frammi fyrir þriðju heimsstyrjöld verður þetta: að koma í veg fyrir heimsstyrjöld með byltingu eða að snúa styrjöldinni upp í byltingu.

Atvinnuleysi - eitt af höfuðeinkennum kreppunnar. (Myndin tekin í Seattle 1971.)

IÐNAÐARFRAMLEIÐSLAN ársfjórðungsmeðaltal 1963 : 100

OECD Economic Outlook nr 9 juli 1971



Stéttvíst verkafólk! Vísindalegi sósíalisminn er ósigrandi vopn ykkar í stéttabaráttunni! Takið þátt í byltingarsinnuðu námsstarfi KSML!



Kommúnistaflokkur Íslands, sem var stofnaður árið 1930, er framsæknasta afl í sögu íslenzkrar stéttabaráttu. Saga hans og starfsreynsla, mistök jafnt sem sigursælar aðgerðir, hljóta að vera kommúnistum í dag dýrmætur skóli, þegar í annað skipti er hafið undirbúningsstarf fyrir stofnun kommúnistaflokks á Íslandi.

KFÍ lifði aðeins fáein ár og seinni helming ævi hans réðu ferð hans ótýndir hentistefnumenn, sem gerðu meir en að brjóta niður hið framsýna uppbyggingarstarf, er flokkurinn vann á fyrstu árum sínum. Hentistefnumennirnir lögðu niður kommúnistaflokkin 1938 og hófu marsinn til hægri, sem hefur staðið óslitið síðan, og stendur nú, þar sem er hið borgaralega Alþýðubandalag.

Í 1. tbl. Rauða Fánans, fræðilegu málgagni KSML, eru birt þingskjöl 1. þings KSML frá s.l. sumri. Í kaflanum "Þróun auðvaldsins og verkalýðsstéttarinnar á Íslandi" segir svo um ástæðurnar fyrir sigri hentistefnumannanna og tímabundnum ósigri hinna stéttvísu öreiga:

"Orsakirnar eru fyrst og fremst þær, að hægri hentistefnan fékk að viðgangast sem stefna innan flokksins allt frá stofnun hans. Þetta á rætur sínar að rekja til þess hve hinn fræðilegi grundvöllur flokksins var ótraustur, þekking hins almenna félaga í marxismanum-lenínismanum bágborin, sem stafaði af því að námsstarfið var ekki sett í fyrirrúm. Án hinnar byltingarsinnuðu fræðikenningar gat ekki orðið um neinn byltingarflokk að ræða."

Engin pólitísk samtök eða flokkur hafa bent á einmitt þessar grundvallarorsakir fyrir vanmáttugri stéttabaráttu íslenzks verkalýðs undanfarna áratugi. Þó hafa verið til starfandi samtök/flokkar þetta tímabil, sem kenna sig við sósíalisma, en það eru Alþýðubandalagið (áður Sameiningarflokkur Alþýðu - Sósíalistaflokkurinn), Sósíalistafélag Reykjavíkur og Fylkingin.

Alþýðubandalagið.

Stofnun Alþýðubandalagsins úr Sósíalistaflokknum og vinstri armi Alþýðuflokksins var enn eitt skrefið í þá átt að hefta sjálfstæða skipulagningu og baráttu íslenzkra öreiga fyrir afnámi arðránsskipulagsins. Stéttasamvinna er rauði þráðurinn í pólitík AB. AB hefur ætíð hindrað það, að hinn vísindalegi sósíalismi, marxisminn-lenínisminn, næði útbreiðslu og festu meðal verkafólks. Allar aðgerðir og málefnaumræður AB miða að því að halda sáttinni við auðvaldið og er því í raun endurbótapólitík og úrkynjuð, sósíaldemókratísk stefna.

Alþýðubandalagsbroddarnir hafa fyrir löngu yfirgefið stéttargrundvöll öreiganna og starfa nú af miklum krafti fyrir íslenzka auðvaldið að því að byggja upp og skipuleggja hinar ýmsu atvinnugreinar.

Að láta sér koma til hugar, að hægt sé að breyta AB í pólitískan flokk, er stæði í þágu öreigastéttarinnar, er sama og að berja höfðinu við steininn. Það sýnir þróunarsaga AB gleggst af öllu. Stéttvísir verkamenn! Snúið baki við AB! Takið þátt í markvissri baráttu fyrir uppbyggingu kommúnistaflokks með KSML! Hefjið námsstarf í marxismanum-lenínismanum nú þegar!

Sósíalistafélag Reykjavíkur.

Sósíalistafélag Reykjavíkur hefur frá upphafi einkennt tvískinnungsháttur og stefnuleysi. Meðlimir SR hafa aldrei tekið höndum saman um að nema almenn atriði hinnar byltingarsinnuðu fræðikenningar, hvað þá hefja marxískar rannsóknir á íslenzka auðvaldsskipulaginu. Innan félagsins er ótvírætt að finna stéttvísa einstaklinga úr öreigastétt, en hinni endurbótasinnuðu forystu SR hefur tekizt að halda hinum framsæknu öflum félagsins niðri um langt skeið. Það ástand kemur ekki til með að breytast nema því aðeins, að hinir byltingarsinnuðu félagar SR skipuleggi sig á sjálfstæðan hátt og hefji námsstarf í vísindalega sósíalismanum, en það mun síðan gera þeim kleift að skilgreina ástandið á réttan hátt og þróa baráttuna til sigurs yfir þeim, sem nú eru hindrun í vegi fyrir uppbyggingarstarfi kommúnistaflokks.

Fylkingin.

Hin tilviljunarkennda og ósamkvæma pólitík Fylkingarinnar á sínar rætur að rekja til pólitískrar vanþekkingar og algers skipulagsleysis í starfi. Það "námsstarf", sem fram fer öðru hverju innan Fylkingarinnar, er óméðvitað og úr tengslum við raunverulegt ástand stéttabaráttunnar. Fjöldastefna og magn lesefnis situr í fyrirrúmi fyrir gildi skipulagðs, byltingarsinnaðs námsstarfs. Raunhæfasta sönnun fyrir getuleysi og hringlandahætti Fylkingarinnar er sú staðreynd, að eftir meira en þriggja áratuga tilvist hefur henni ekkert miðað úr sporunum. Enginn árangur liggur fyrir, sem hægt er að byggja á. Heimilisfang Fylkingarinnar er einskis manns land.

Nýjasta uppákoma Fylkingarinnar varðandi "námsstarf" var sú, að hasla saman í snarhasti námshring, sem næði yfir 16 námsfundi (hann hlýtur að vera helmingi betri en námshringur KSML, sem "aðeins" er 8 fundir). Það var ekki að sökum að spyrja; að venju ruku menn upp til handa og fóta og mynduðu marga, marga starfshópa (eða um fimmtíu (!) talsins að sögn eins bjartsýnismanns úr Fylkingunni). Framhaldið varð hið hefðbundna Fylkingarframhald, þ.e.a.s. áhuginn dvínaði smám saman, hóparnir lognuðust út af hver af öðrum og ástandið í dag er eins og ekkert hafi gerzt.

Vonleysi Fylkingarinnar sem pólitískra samtaka er botnlaust. Við hvetjum eindregið þá félaga innan Fylkingarinnar, sem vilja í raun starfa undir merkjum öreigastéttarinnar fyrir sósíalismann, að láta rekaldið sína leið og taka þátt í skipulögðu marxísku-lenínísku námsstarfi KSML.

MARXISMINN–LENÍNISMINN–HUGSUN MAÓS TSETUNGS

Öreigavísindin útskýra veruleikann á sannan hátt og rífa niður allar afsakanir, lygar og falsanir auðvaldsins. Marxisminn-lenínisminn-hugsun Maós Tsetungs er ósigrandi vopn verkalýðsstéttarinnar, sameinuð reynsla allra byltingarsinnaðra hreyfinga.

Marx, Engels, Lenín, Stalín og Maó Tsetung eru fimm mestu marxistarnir-lenínistarnir. Fræðikenningar þeirra eru mismunandi stig í þróun marxismans-lenínismans og samsvara mismunandi tímabilum sögunnar. Þeir hafa allir staðið í fylkingarbrjósti byltingarhreyfingarinnar og stöðugt barizt gegn röngum hugmyndum og afvegaleiðandi stefnum. Fræðikenningar þeirra hafa sýnt og sannað, að þær eru áreiðanlegar.

Marx og Engels lifðu á þeim tíma, er auðvaldsskipulagið sló rótum og þróaðist í átt að heimsvaldastefnunni. Þeir lögðu grundvöllinn að vísindalega sósíalismanum og uppgötvuðu við athugun á sögunni og þjóðfélaginu þær almennu reglur, sem stýra þróun sögunnar, og hlutverk öreiganna sem höfuðafl sósíalískrar byltingar.

Lenín var helzti leiðtogi alþjóðlegu kommúnistahreyfingarinnar eftir Marx og Engels. Hann leiddi fyrstu sigurríku sósíalísku byltinguna og uppbyggingu Ráðstjórnarríkjanna, fyrsta sósíalíska ríkisins. Hann þróaði marxismann, fyrst og fremst hvað varðar sósíalísku byltinguna, sósíalíska þjóðfélagið og alræði öreiganna. Við athuganir sínar á heimsvaldastefnunni uppgötvaði hann, að þróun auðvaldsins einkenndist af mismunandi stigum og breytingum. Þetta gerði það mögulegt að framkvæma byltingu og byggja upp sósíalíska framleiðslu í einu landi, án þess að bylting sé framkvæmd í öðrum auðvaldslöndum samtímis. Þetta þýddi nýtt stig í þróun marxismans. Lenínisminn er marxisminn á tímum heimsvaldastefnunnar og öreigabyltingarinnar.

Stalín leiddi baráttuna í Rússlandi á keisaratímanum, meðan Lenín var erlendis ásamt mörgum öðrum leiðtogum flokksins. Eftir dauða Leníns var Stalín leiðtoginn í uppbyggingu sósíalismans í Ráðstjórnarríkjunum. Mikilvægustu rannsóknir, sem hann gerði, voru um sósíalismann í einu landi, þær reglur, sem gilda fyrir sósíalískt uppbyggingarstarf og þjóðernisvandamálið. Mikilvægasta framlag Stalíns til þróunar marxismans eru skrif hans um díalektísku og sögulegu efnishyggjuna og skilgreining hans á lenínismanum.

Maó Tsetung hefur staðið í fylkingarbrjósti kínverska kommúnistaflokksins í 45 ár og leitt hina árangursríku byltingu til sigurs og sósíalískt uppbyggingarstarf í Kína. Hann hefur þróað marxismann-lenínismann hvað varðar mikilvægustu vandamál sósíalískrar byltingar í dag. Hugsun Maós Tsetungs er marxismi-lenínismi þeirra tíma, þegar heimsvaldastefnan riðar til falls og sósíalisminn sækir fram til sigurs um víða veröld. Fræðikenningar Maós um frelsisbaráttuna í þróunarlöndunum eru mjög mikilvægar fyrir kúgaðar og arðrændar þjóðir heimsins í dag. Barátta hans gegn endurskoðunarstefnunni hefur leitt til að byltingarsamtök og flokkar hafa verið stofnaðir um allan heim. Með menningarbyltingunni hefur hann gefið okkur aðferð til að staðfesta sigur byltingarinnar og alræði öreiganna.

Marxisminn-lenínisminn er engin formúla, sem hægt er að setja fram á endanlegan og fullkominn hátt, heldur kenningin um það, hvernig beri að leita sannleikans um þjóðfélagið til þess að breyta því samkvæmt framsýnum skilningi á sögunni. Marxisminn-lenínisminn er leiðsögn í starfi.

Það var með marxismann-lenínismann-hugsun Maós Tsetungs að leiðarljósi, sem öreigum Kína tókst með stuðningi bænda að sigrast á erlendu og innlendu afturhaldi 1949, og það var með marxismann-lenínismann-hugsun Maós Tsetungs að vopni, sem þeim tókst að sigra endurskoðunarsinnana í menningarbyltingunni.

Þannig kennir sagan okkur, að það var hin byltingarsinnaða fræðikenning, sem gerði Kommúnistaflokkum Rússlands og Kína kleift að rækja hlutverk sitt sem framsveit verkalýðsstéttarinnar og skipuleggjandi öreigabyltingarinnar. "Styrkur þeirrar fræðikenningar er fólginn í því, að hún gerir flokknum fært að átta sig á hverju nýju viðhorfi, skilja orsakatengslin milli atburða líðandi stundar, sjá fyrir atburðarás komandi tíma og gera sér grein fyrir þróunarstefnu hennar, ekki aðeins á líðandi stund, heldur og komandi tímum." (Saga Kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna (B), bls. 620).

Námsstarf í marxismanum-lenínismanum-hugsun Maós Tsetungs gerir okkur kleift að leggja grundvöll að byltingarstarfi og berjast gegn útbreiðslu borgaralegra hugmynda meðal öreiganna. Sé litið yfir sögu sósíalískrar hreyfingar á Íslandi verður ljóst mikilvægi þessa. Borgaralega hugmyndafræðin er ríkjandi og á sér dýpri rætur en sú sósíalíska, sem aðeins hefur tekið sín fyrstu skref.

Þess vegna hefur allra handa borgaraagentum, í dulargerfum marxista, tekizt að smygla sér inn í forystusveitir verkalýðsins og afvegaleiða hann.

Til þess að geta losað sig úr fjötrum endurskoðunarsinnanna og hentistefnumannanna í verkalýðsforystunni verður íslenzkur verkalýður að hefja byltingarsinnað námsstarf; reisa hinn rauða fána byltingarinnar í byltingarsinnuðu starfi og mola mélinu smærra alla þá, sem reyna að hrindra sigurinn í stéttabaráttunni.

Í dag er verkefni stéttvísustu örieganna fólgið í að tileinka sér sameinaða baráttureynslu öreigastéttarinnar, allt frá Karli Marx til Maós Tsetungs, og tengja almennt gildi þessarar reynslu séraðstæðum íslenzka auðvaldsþjóðfélagsins.

Námsstarf í marxismanum-lenínismanum er höfuðverkefnið í dag!

Námshringur KSML

BYLTINGARSINNAÐ NÁMSSTARF - BARÁTTA GEGN HENTISTEFNUNNI!

Þegar öreigarnir taka að skipuleggja sig á byltingargrundvelli er þeim nauðsynlegt að láta fræðikenninguna leiða allt starf sitt til að þeir fari ekki villur vega í stéttabaráttunni líkt og gerðist á þrítugasta áratugnum í KFÍ. Þá höfðu félagar í KFÍ mjög litla þekkingu á almennum atriðum marxismans og gátu því ekki mótað rétta afstöðu gegn hentistefnunni. Af þessari reynslu KFÍ höfum við lært og setjum því fram sem höfuðverkefni byltingarsinnað námsstarf.

Námsstarfið skiptist í tvo þætti, grundvallarnám og framhaldsnám. Grundvallarnámið þjónar því hlutverki að byggja grunninn fyrir framhaldsnámið, sem er leiðandi þáttur námsstarfsins.

KSML skorar á alla stéttvísa öreiga og stuðningsmenn öreigastéttarinnar að hefja baráttu gegn alræði auðvaldsins og hentistefnunni með því að hefja nám í marxismanum-lenínismanum-hugsun Maós Tsetungs. Hafið samband við sölufólk Stéttabaráttunnar eða Hjálmtýr Heiðdal í síma 12993 eða skrifið til KSML, Pósthólf 1357, Rvk.

Grundvallarnámshringur KSML:

1. fundur: Kommúnistaávarpið. (Marx/Engels Úrvalsrit I, bls. 26-53.)
2. fundur: Díalektíska og sögulega efnishyggjan. (J.V. Stalín, Saga Kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna, bls. 182-228.)
3. fundur: Um starfið. (Maó Tsetung Ritgerðir I, bls. 9-29.)
4. fundur: Pólitíska hagfræðin I (Marx/Engels Úrvalsrit, bls 173-201)
5. fundur: Pólitíska hagfræðin II (V.I. Lenín, Heimsvaldastefnan, bls 13-14, bls. 115-130 og bls. 163-171 og Marx/Engels Úrvalsrit I, bls. 113-117.
6. fundur: Um ríkið. (Lenín Ríki og bylting, bls. 7-27 og bls. 45-71.)
7. fundur: Ástandið í heiminum í dag. (Tillaga um meginstefnu alþjóðahreyfingar kommúnista, bréf miðstjórnar Kommúnistaflokks Kína til miðstjórnar Kommúnistafl. Sovétríkjanna frá ´63 : 25 púnktarnir.)
8. fundur: Um flokkinn. (Lenín: Inngönguskilyrði í Alþjóðasamband kommúnista og Saga Kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna bls. 617-634.)

FRAM TIL BARÁTTU FYRIR BYLTINGARSINNUÐU NÁMSSTARFI ÖREIGASTÉTTARINNAR!

ÁN BYLTINGARSINNAÐRAR FRÆÐIKENNINGAR GETUR ENGIN BYLTINGARSINNUÐ HREYFING ÁTT SÉR STAÐ!

Hin byltingarsinnaða fræðikenning- leiðsögn í frelsisbaráttu öreiga og kúgaðra þjóða heimsins!

HVARVETNA Í ÖLLUM HEIMINUM FER VAXANDI SKILNINGUR HINNA KÚGUÐU ÞJÓÐA OG STÉTTA Á GILDI VÍSINDALEGRAR ÞJÓÐFÉLAGSÞEKKINGAR SEM GRUNDVALLAR FYRIR BYLTINGARSINNAÐ STARF. ÞRÓUN AUÐVALDSÞJÓÐFÉLAGSINS ER KOMIN Á SITT SÍÐASTA STIG - STIG HEIMSVALDASTEFNUNNAR, SEM EINKENNIST AF ÞVÍ, AÐ ANDSTÆÐURNAR MILLI HINS ROTNANDI ÞJÓÐSKIPULAGS AUÐVALDSINS OG HINS NÝJA ÞJÓÐSKIPULAGS ÖREIGANNA, SÓSÍALISMANS, VERÐA SKARPARI MEÐ DEGI HVERJUM. HIN FRAMSÆKNU ÖFL STÉTTABARÁTTUNNAR SÆKJA STÖÐUGT Á OG VINNA NÝ LÖND, MEÐAN AFTURHALDIÐ VERÐUR Æ TRYLLTARA OG BEITIR FLEIRI OG ÖRVÆNTINGARFYLLRI OFBELDIS- OG KÚGUNARAÐGERÐUM Í TILRAUN SINNI TIL AÐ HALDA VELLI. EN BARÁTTA ÞESS ER VONLAUS EÐA EINS OG MAÓ TSETUNGS BENTI Á : "ÓVINURINN ROTNAR MEÐ DEGI HVERJUM, EN ALLT GENGUR BETUR OG BETUR FYRIR OKKUR."

MYNDIRNAR SÝNA KOMMÚNISTA Í ÝMSUM LÖNDUM AÐ NÁMSSTARFI Í MARXISMANUM-LENÍNISMANUM-HUGSUN MAÓS TSETUNGS.

Kínverskt bændafólk nemur hugsun Maós Tsetungs til að notfæra sér í starfi.

Námshringur KSML
J. STALIN
RAUÐI FÁNINN

Einn af námshópum KSML að starfi.

"Til þess að geta gert rannsóknir er nauðsynlegt að beita marxískri-lenínískri viðmiðun, afstöðu og aðferð við rannsóknarstarfið. Að gangast svo upp í starfinu, að námið sitji á hakanum, er þröngsýn framkvæmdarstefna. Allt það byltingarsinnaða starf, sem ekki er grundvallað á staðreyndum né er unnið samkvæmt háþróaðri fræðikenningu er starf í blindni og dæmt til að mistakast."

(Úr Samþykkt um námsstarfið, frá stofnþingi KSML.)

"Marxískt nám er ekki hægt að vinna með því að læra utanbókar orð og setningar, án samhengis við þær aðstæður, sem hafa verið til grundvallar hverju sinni. Það er fráleit ímyndun að halda, að þannig sé hægt að vinna og ekkert annað en kreddufesta. Á sama hátt er ekki heldur hægt að læra af marxismanum og verða marxisti öðru vísi en að námið sé í beinum tengslum við þau vígorð, sem hin byltingarsinnaða barátta reisir hverju sinni."

(Úr Samþykkt um námsstarfið.)

"Námsstarfið hefur tvær hliðar: Annars vegar könnun á staðreyndum stéttabaráttunnar og niðurstöðum eigin reynslu. Hins vegar er það nám í marxismanum-lenínismanum, verkum Marx, Engels, Leníns, Stalíns og Maós Tsetungs, sem er sameinuð almenn reynsla öreigastéttarinnar á heimspekisviðinu, í pólitísku efnahagsfræðinni, ásamt reynslunni í stefnu og starfi fyrir byltingarsinnaða baráttu öreigastéttarinnar."

(Úr Samþykkt um námsstarfið.)

"Hvaðan koma réttar hugmyndir? Falla þær af himnum ofan? Nei. Eru þær meðfæddar í huganum? Nei. Þær spretta upp af starfi manna í þjóðfélaginu og koma hvergi annars staðar að. Þær spretta upp af þrenns konar þjóðfélagsstarfi: Baráttunni á framleiðslusviðinu, stéttabaráttunni og vísindalegum tilraunum. Þjóðfélagsleg tilvera mannsins ákvarðar hugsun hans. Þegar fjöldinn hefur skilið réttar hugmyndir, sem eru aðal framsækinnar stéttar, verða þær að efnislegu valdi, er breyta þjóðfélaginu og heiminum."

(Maó Tsetung: Hvaðan koma réttar hugmyndir?, Maí ´63.)

Albanskir verksmiðjuverkamenn leysa verkefni sósíalískrar framleiðslu í alræði öreiganna.

"Kenning Marx, Engels, Leníns og Stalíns á alls staðar við. Vér megum ekki líta á hana sem kreddu, heldur leiðbeiningu í starfi. Nám er ekki fólgið í því að læra aðeins orðatiltæki og setningar, heldur í hinu, að nema marxismann-lenínismann sem vísindi byltingarinnar. Það felst ekki einvörðungu í því að skilja hin almennu lögmál, sem þeir Marx, Engels, Lenín og Stalín hafa fundið með hinum víðtæku rannsóknum sínum á raunverulegu lífi mannanna og byltingarreynslu, heldur og í því að afla sér þekkingar á viðhorfum þeirra og aðferðum við rannsókn vandamála og úrlausn þeirra."

(Maó Tsetung: Nám. Október ´38.)

"MARXISMINN-LENÍNISMINN ER ENGIN FORRÉTTINDI OG EINOKUN NOKKURRA ´GÁFAÐRA´ MANNA, SEM SKILJA HANN. HANN ER VÍSINDALEG HUGMYNDAFRÆÐI VERKALÝÐSSTÉTTARINNAR OG HINS VINNANDI FJÖLDA OG ÞÁ FYRST, ER HINN VINNANDI FJÖLDI NÆR VALDI Á ÞESSUM HUGMYNDUM, HÆTTA ÞÆR AÐ VERA EITTHVAÐ SÉRTÆKT OG VERÐA AÐ STERKU EFNISLEGU AFLI TIL BYLTINGARSINNAÐRAR UMSKÖPUNAR HEIMSINS."

(Enver Hoxa, formaður Verkamannaflokks Albaníu.)



Marxisminn-lenínisminn numinn í fæðingarlandi Marx og Engels.

"FRÆÐIKENNING MARX OG LENÍNS ER EINMITT SÉRSTÖK VÍSINDAGREIN, SEM FJALLAR UM ÞRÓUN ÞJÓÐFÉLAGSINS, HREYFINGU VERKALÝÐSINS, BYLTINGU ÖREIGANNA OG FRAMKVÆMD HINS SÓSÍALÍSKA ÞJÓÐSKIPULAGS, OG ÞESSI VÍSINDAGREIN GETUR AUÐVITAÐ EKKI STAÐIÐ Í STAÐ, HELDUR ER HÚN SÍFELLT AÐ ÞRÓAST OG FULLKOMNAST."

(Stalín: Saga Kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna (B), bls. 621.)

Án byltingarsinnðarar fræðikenningar getur ekki orðið um byltingarbaráttu að ræða. Frá Víetnam.

Liðstjórar og hermenn Áttunda Fótgönguliðshersins að námi í marxismanum-lenínismanum-hugsun Maós Tsetungs í frelsisbaráttunni í Kína á 5. áratugnum.

用馬列主義的理論
來武裝我們的頭腦

V.I. Lenín

Mikilvægustu verkefni hreyfingar okkar



РОССІЙСКАЯ СОЦІАЛЬ-
ДЕМОКРАТИЧЕСКАЯ
РАБОЧАЯ ПАРТІЯ

ИСКРА

„Изъ искры возгорится пламя!" ..
Отвѣтъ декабристовъ Пушкину.

№ 1. ДЕКАБРЬ 1900 ГОДА. № 1.

НАСУЩНЫЯ ЗАДАЧИ НАШЕГО ДВИЖЕНІЯ.

Русская соціалдемократія не разъ уже заявляла, что ближайшей политической задачей русской рабочей партіи должно быть ниспроверженіе самодержавія, завоеваніе политической свободы Это заявляли больше 15 лѣтъ тому назадъ представители русской соціалдемократіи, члены группы „Осв. Труда", это заявили два съ половиной года тому назадъ и представители русскихъ соціалдемократическихъ организацій, образовавшіе весной 1898 года Россійскую Соціалдемократическую Рабочую Партію Но не смотря на эти неоднократныя заявленія, вопросъ о политическихъ задачахъ соціалдемократіи въ Россіи снова выступаетъ на очередь въ настоящее время. Многіе представители нашего движенія выражаютъ сомнѣніе въ правильности указаннаго рѣшенія вопроса Говорятъ, что преобладающее значеніе имѣетъ экономическая борьба отодвигаютъ на второй планъ политическія задачи пролетаріата, съуживаютъ и ограничиваютъ эти задачи, заявляютъ даже, что разговоры объ образованіи самостоятельной рабочей партіи въ Россіи просто повтореніе чужихъ словъ, что рабочимъ надо вести одну экономическую борьбу, предоставивъ политику интеллигентамъ въ союзѣ съ либералами Это послѣднее заявленіе новаго символа вѣры (пресловутое credo) сводится уже прямо

ческой мысли отъ передовыхъ представителей трудящихся классовъ гораздо больше, чѣмъ въ другихъ странахъ, и что при такой оторванности русское революціонное движеніе осуждено на безсиліе. Отсюда сама собою вытекаетъ та задача, которую призвана осуществить русская соціалдемократія. внѣдрить соціалистическія идеи и политическое самосознаніе въ массу пролетаріата и организовать революціонную партію, неразрывно связанную съ стихійнымъ рабочимъ движеніемъ. Много уже сдѣлано въ этомъ отношеніи русской соціалдемократіей; но еще больше остается сдѣлать. Съ ростомъ движенія поприще дѣятельности для соціалдемократіи становится все шире, работа все разностороннѣе, все большее число дѣятелей движенія сосредоточиваетъ свои силы на осуществленіи различныхъ частныхъ задачъ, которыя выдвигаются повседневными нуждами пропаганды и агитаціи. Это явленіе совершенно законное и неизбѣжное, но оно заставляетъ обращать особое вниманіе на то, чтобы частныя задачи дѣятельности и отдѣльные пріемы борьбы не возводились въ нѣчто самодовлѣющее, чтобы подготовительная работа не возводилась на степень главной и единственной работы.

Содѣйствовать политическому развитію и политической организаціи рабочаго класса — наша главная и основная задача Всякій, кто отодвигаетъ эту задачу на второй планъ, кто не подчиняетъ ей всѣхъ частныхъ задачъ и от-

есть въ Россіи живого и честнаго. И только тогда исполнится великое пророчество русскаго рабочаго-революціонера, Петра Алексѣева: „подымется мускулистая рука милліоновъ рабочаго люда, и ярмо деспотизма, огражденное солдатскими штыками, разлетится въ прахъ!"

ВИЛЬГЕЛЬМЪ ЛИБКНЕХТЪ

(родился 29-го марта 1826 г., умеръ 7-го августа 1900 г.)

Со смертью старѣйшаго вождя германской соціалдемократіи революціонный пролетаріатъ всего міра лишился одного изъ своихъ наиболѣе замѣчательныхъ и неутомимыхъ борцовъ и руководителей. Не даромъ вѣсть объ его внезапной кончинѣ, какъ громомъ поразила передовыхъ рабочихъ всѣхъ цивилизованныхъ странъ. Не только изъ всѣхъ концовъ Германіи, но и изъ другихъ странъ Европы, да не одной лишь Европы, а и Америки, Австраліи, и даже изъ южной Африки, Японіи посланы были сочувственныя телеграммы, съ выраженіемъ глубокой скорби о незамѣнимой утратѣ, понесенной международной соціалдемократіей. Похороны Либкнехта приняли характеръ и размѣры величественной манифестаціи, въ которой приняли участіе сотни тысячъ, быть можетъ, около милліона нѣмецкихъ рабочихъ и представителей рабочихъ партій Англіи, Франціи, Австріи,

FORSÍÐA 1. TBL. ÍSKRA

LENÍN SKRIFAÐI GREIN ÞESSA Í NÓVEMBER ÁRIÐ 1900 OG BIRTIST HÚN SEM LEIÐARI 1. TBL. ÍSKRA, ER KOM ÚT Í DESEMBER SAMA ÁR. Í GREININNI SKILGREINIR LENÍN HIÐ PÓLITÍSKA STARF SÓSÍALDEMÓKRATA OG ÞÁ TAKMÖRKUN, SEM ÞAÐ ER BUNDIÐ Á ÞESSUM TÍMA, OG BENDIR Á ÞAU PÓLITÍSKU VERKEFNI, SEM LIGGJA FYRIR SÓSÍALDEMÓKRÖTUM.

HANN SÝNIR FRAM Á ÓHJÁKVÆMILEGA NAUÐSYN ÞESS AÐ TENGJA SAMAN SÓSÍALISMANN OG VERKALÝÐSSTÉTTINA OG AÐ BYGGJA UPP BYLTINGARSINNAÐAN FLOKK, SEM YRÐI LEIÐANDI AFL OG SKIPULAGSMIÐSTÖÐ ÖREIGASTÉTTARINNAR Í STÉTTABARÁTTUNNI.

Rússneskir sósíaldemókratar hafa hvað eftir annað lýst yfir því, að mikilvægasta verkefni rússneska verkalýðsflokksins nú sé að kollvarpa einræðisvaldinu og ná pólitísku frelsi. Þessu lýstu fulltrúar sósíaldemókrata, meðlimir hópsins "Frelsi vinnunnar", yfir fyrir rúmum fimmtán árum síðan. Þessu lýstu einnig fulltrúar samtaka rússneskra sósíaldemókrata yfir fyrir tveimur og hálfu ári, sem vorið 1898 stofnuðu verkalýðsflokk rússneskra sósíaldemókrata. En þrátt fyrir þessar síendurteknu yfirlýsingar er samt spurningin um pólitísk verkefni sósíaldemókrata í Rússlandi aftur orðin efst á baugi. Margir fulltrúar hreyfingar okkar láta í ljós efa um réttmæti nefndrar lausnar á spurningunni. Því er haldið fram, að hin efnahagslega barátta sé mikilvægust, hinum pólitísku verkefnum öreiganna er ýtt til hliðar og dregið úr gildi þeirra, og því er jafnvel haldið fram, að allt tal um að mynda sjálfstæðan verkalýðsflokk í Rússlandi sé aðeins endurtekning á orðum annarra. Verkalýðurinn eigi aðeins að berjast efnahagslegri baráttu og láta menntamönnum ásamt frjálslyndum eftir pólitíkina. Þessi nýjasta trúarjátningarboðun (hið alræmda "Credo") jafngildir yfirlýsingu um að rússneska öreigastéttin sé óþroskuð, og algerri höfnun á stefnu sósíaldemókrata. Rabochaya Mysl hefur (sérstaklega í sérútgáfunni) í meginatriðum tekið sömu afstöðu. Innan hreyfingar rússneskra sósíaldemókrata gætir nú reikandaháttar og efasemda, sem jaðrar við algjört vantraust. Annars vegar slítur maður verkalýðshreyfinguna úr sambandi við sósíalismann, verkamönnunum er hjálpað í hinni efnahagslegu baráttu, en ekkert eða næstum ekkert er gert til að útskýra fyrir þeim takmark sósíalismans og pólitísk verkefni hreyfingarinnar í heild sinni. Hins vegar slítur maður sósíalismann úr sambandi við verkalýðshreyfinguna; rússneskir sósíalistar eru aftur farnir að tala í sífellu um að menntamenn verði að heyja baráttuna við stjórnina með eigin kröftum, meðan verkamenn takmarki sig eingöngu við hina efnahagslegu baráttu.

Samkvæmt skoðun okkar liggja þrjár orsakir til grundvallar þessu sorglega ástandi.
Í fyrsta lagi, þegar rússneskir sósíaldemókratar hófu starfsemi sína, takmörkuðu þeir sig við áróðursstarf í námshringum. Þegar við síðan hófum áróðursstarf meðal alþýðunnar skildum við ekki alltaf hættuna á því, að það gæti farið út í öfgar. Í öðru lagi urðum við oft í upphafi starfs okkar að verja tilverurétt okkar í baráttu gegn stuðningsmönnum Narodnaya Volya (Þjóðarviljinn), sem skildu orðið "pólitík" sem starfsemi einangraða frá verkalýðshreyfingunni og takmörkuðu pólitíkina eingöngu við samsæriskennda baráttu. Sósíaldemókratar, sem voru andvígir þessari pólitík, fóru út í gagnstæðar öfgar, þ.e. þeir ýttu pólitíkinni algjörlega til hliðar. Í þriðja lagi lögðu sósíaldemókratar, sem störfuðu einangraðir í litlum, staðbundnum verkamannastarfshópum, ekki nægilega áherzlu á nauðsyn þess að skipuleggja byltingarsinnaðan flokk, er myndi sameina alla starfsemi staðbundnu hópanna og gera kleift að skipuleggja byltingarsinnað starf á réttan hátt. Hið ráðandi hlutverk einangraða starfsins var auðvitað nátengt því að hin efnahagslega barátta var ráðandi.

Þessar aðstæður leiddu til ofmats á einni hlið hreyfingarinnar. "Efnahags"stefnan (að svo miklu leyti sem við getum talað um stefnu) leiddi af sér tilraun til að gera þessa takmörkun að sérstakri fræðikenningu og í þeim tilgangi var reynt að hagnýta sér tízkufyrirbærin Bernsteinstefnuna og "gagnrýni á Marxismann", sem klæða gamlar borgaralegar hugmyndir í nýjan búning. Þessar tilraunir sköpuðu hættu á, að sambandið milli rússnesku verkalýðshreyfingarinnar og rússnesku sósíaldemókratanna, sem leiddu baráttun fyrir pólitísku frelsi, yrði veikara. Mikilvægasta verkefni hreyfingar okkar er að styrkja þetta samband.

Sósíaldemókratíska stefnan tengir saman sósíalismann og verkalýðshreyfinguna, hlutverk hennar er ekki að þjóna verkalýðshreyfingunni á hverju stigi á hlutlausan hátt, heldur að vera fulltrúi fyrir sameiginleg áhugamál hreyfingarinnar. Hún á að benda þessari hreyfingu á markmið hennar og pólitísk verkefni og standa vörð um pólitískt og fræðilegt sjálfstæði hennar. Slitin úr samhengi við sósíaldemókratismann missir verkalýðshreyfingin kraft sinn og úrkynjast óhjákvæmilega í borgaralega stefnu. Ef verkalýðsstéttin berst aðeins efnahagslegri baráttu glatar hún pólitísku sjálfstæði sínu; hún verður aðeins taglhnýtingur annarra flokka og svíkur þar með hina miklu grundvallarreglu: "Frelsun verkalýðsins verður að vera hans eigið verk".
Í öllum löndum hefur ríkt það ástand, að verkalýðshreyfingin og sósíalisminn hafa verið til óháð hvort öðru og farið hvort sína leið; og í öllum löndum leiddi þessi einangrun til að kraftur verkalýðshreyfingarinnar og sósíalismans dvínaði. Aðeins með því að tengja saman sósíalismann og verkalýðshreyfinguna hefur skapazt fastur grundvöllur fyrir hvorutveggja í öllum löndum. En í sérhverju landi hefur þessi tenging sósíalismans og verkalýðshreyfingarinnar þróast samkvæmt lögmáli sögunnar, þróast á sérstakan hátt í samræmi við ríkjandi ástand á hverjum stað og tíma.
Í Rússlandi var lýst yfir nauðsyn þess að tengja saman sósíalismann og verkalýðshreyfinguna fyrir löngu síðan á fræðilegan hátt, en það er nú fyrst, sem starfað er að því. Þróunarferill þessarar tengingar er mjög erfiður og því ekkert undarlegt, þó að þetta hafi í för með sér hik og efasemdir.

Hvaða lærdóma getum við dregið af því liðna?

Öll saga sósíalismans í Rússlandi hefur leitt til þess ástands, að mikilvægasta verkefnið er að berjast gegn einræðisstjórninni og að ná pólitísku frelsi. Hin sósíalíska hreyfing okkar hefur svo að segja einbeitt sér að baráttunni gegn einræðinu. Hins vegar hefur sagan sýnt, að fremstu fulltrúar verkalýðsstéttarinnar í Rússlandi eru meir úr tengslum við sósíalíska hugsun en gerist í öðrum löndum og verði ekki að gert er hin rússneska byltingarhreyfing dæmd til getuleysis. Úr þessu ástandi vex það verkefni, sem rússneskir sósíaldemókratar verða að framkvæma: að færa öreigastéttinni kenningar sósíalismans og vekja með henni pólitíska meðvitund, og skipuleggja byltingarsinnaðan flokk, sem er óaðskiljanlega tengdur hinni sjálfsprottnu verkalýðshreyfingu. Í þessu sambandi hefur rússneskum sósíaldemókrötum þegar áunnizt margt, en ennþá meira er enn ógert. Eftir því sem hreyfingin vex verður starfssvið sósíaldemókrata æ umfangsmeira; starfið verður fjölbreytilegra og æ stærri hópur starfandi meðlima mun beina kröftum sínum að framkvæmd hinna ýmsu sérverkefna, sem skapast vegna daglegra þarfa fyrir áróður og áróðursstarfsemi. Þessi þróun er algjörlega eðlileg og óhjákvæmileg, en hún fær okkur til að leggja sérstaka áherzlu á, að þessi sérverkefni starfseminnar og einstakar baráttuaðferðir verði ekki gerðar að takmarki í sjálfu sér, að þetta undirbúningsstarf verði ekki gert að hinu eina og endanlega starfi.

Höfuðverkefni og jafnframt grundvallarverkefni okkar er að auðvelda pólitíska þróun og skipulagningu verkalýðsstéttarinnar. Hver sem ýtir þessu verkefni til hliðar og skipar ekki sérverkefnunum og einstökum baráttuaðferðum undir þetta aðalverkefni er á rangri leið og veldur hreyfingunni alvarlegu tjóni. Þeir sem skjóta þessu verkefni til hliðar eru í fyrsta lagi þeir, sem kveðja byltingarmenn til baráttu gegn ríkisstjórninni með hjálp einstakra einangraðra samsærishringa, er engin tengsl hafa við verkalýðsstéttina. Í öðru lagi eru það þeir, sem takmarka innihald og umfang pólitíska áróðursins, áróðursstarfseminnar og skipulagningarinnar; þeir, sem telja það rétt og eðlilegt að veita verkafólkinu þátttöku í "pólitískri starfsemi" aðeins við einstaka tækifæri í lífi þess, aðeins við hátíðleg tækifæri; sem eru allt of fúsir að skipta á hinni pólitísku baráttu gegn einræðisstjórninni fyrir einstaka undanlátssemi einræðisstjórnarinnar; og sem ekki ganga nógu langt í því að tryggja að þessar einstöku dagskröfur leiði til kerfisbundinnar og óbugandi baráttu byltingarsinnaðs verkalýðsflokks gegn einræðisstjórninni.

"Skipuleggið ykkur!" síendurtekur blaðið Rabochaya Mysl í ýmsum tóntegundum við verkamennina og það sama gera allir áhangendur "efnahags"stefnunnar. Auðvitað tökum við algjörlega undir þessa áskorun, en við gleymum ekki að bæta við: Skipuleggið ykkur - ekki aðeins í hjálpar- og verkfallssjóði og starfshringi, heldur skipuleggið ykkur einnig í pólitískan flokk, skipuleggið ykkur í einarða baráttu gegn einræðisstjórninni og gegn öllu auðvaldsþjóðfélaginu. Án slíkrar skipulagningar mun öreigastéttin aldrei rísa til meðvitaðrar stéttabaráttu; án slíkrar skipulagningar er verkalýðshreyfingin dæmd til að vera vanmáttug.
Ef verkalýðsstéttin nýtur aðeins aðstoðar sjóða, námshringa og hjálparsjóða mun hún aldrei geta leyst hið sögulega hlutverk sitt - að frelsa sjálfa sig og alla rússnesku þjóðina úr hinum pólitíska og efnahagslega þrældómi. Engin stétt í sögunni hefur komizt til valda, án þess að koma á framfæri sínum eigin pólitísku leiðtogum, forystumönnum, sem hafa verið færir um að skipuleggja og leiða hreyfinguna. Rússneska verkalýðsstéttin hefur þegar sýnt, að hún getur komið slíkum mönnum og konum á framfæri. Hin umfangsríka barátta rússnesks verkalýðs síðustu fimm til sex árin hefur sýnt hvílíkan fjölda byltingarsinnaðra krafta er að finna innan verkalýðsstéttarinnar; hefur sýnt, að þrátt fyrir hinar miskunnarlausustu ofsóknir stjórnarinnar, fækkar ekki, heldur fjölgar þeim verkamönnum, sem stefna í átt til sósíalismans, til pólitískrar meðvitundar og pólitískrar baráttu. Þingið, sem félagar okkar héldu 1898, skilgreindi verkefni okkar á réttan hátt og endurtók ekki aðeins orð annarra og lýsti ekki aðeins ákafa "menntamanna"....
Við verðum að hrinda þessum verkefnum einarðlega í framkvæmd, við verðum að setja stefnu, skipulagningu og taktík flokksins á dagskipunina. Við höfum þegar sett fram skoðun okkar á undirstöðuatriðum stefnu okkar og að sjálfsögðu er þetta ekki staður til að útskýra þessi undirstöðuatriði í smáatriðum. Við ætlum að helga nokkrar greinar í komandi blöðum spurningunni um skipulagninguna, sem er meðal hinna mikilvægustu vandamála, sem við okkur blasa. Að þessu leyti stöndum við langt að baki fyrri forystusveit hinnar rússnesku byltingarhreyfingar. Við verðum að viðurkenna hreinskilnislega þennan galla og beita öllum kröftum okkar að skipulagningu á meiri leynd yfir starfi okkar, að reka kerfisbundinn áróður fyrir réttum starfsaðferðum, réttum aðferðum til að leika á herlögregluna og forðast gildrur lögreglunnar. Við verðum að þjálfa fólk, sem ekki aðeins helgar byltingunni krafta sína í frístundum, heldur öllu lífi sínu; við verðum að byggja upp samtök, sem eru nægilega stór til að hægt sé að koma á strangri verkaskiptingu milli hinna ýmsu starfssviða okkar. Að lokum varðandi spurninguna um taktík skulum við takmarka okkur við eftirfarandi: sósíaldemókratar binda ekki hendur sínar, takmarka ekki starf sitt við fyrirfram ákveðna áætlun eða aðferð í hinni pólitísku baráttu; þeir viðurkenna allar baráttuaðferðir, svo framarlega sem þær eru í samræmi við þá krafta, sem flokkurinn hefur yfir að ráða, og auðvelda að bezta mögulega árangri verði náð við gefnar aðstæður. Ef til er vel skipulagður flokkur getur eitt einstakt verkfall þróast upp í pólitíska baráttu, í pólitískan sigur yfir stjórninni. Ef til er vel skipulagður flokkur getur upphlaup á einum stað orðið að sigursælli byltingu. Við verðum að hafa í huga, að baráttan gegn stjórninni fyrir einstökum kröfum og eftirgjöfum á einstaka sviðum eru aðeins smá skærur við andstæðinginn, átök milli útvarðarsveita, en úrslitabaráttan er enn framundan. Andspænis okkur stendur óvinavirkið í öllu sínu veldi og þaðan dynur á okkur látlaus stórskotahríðin, sem fellir beztu hermenn okkar unnvörpum. Við verðum að hertaka þetta virki og við munum gera það, ef við sameinum alla krafta hinnar vaknandi öreigastéttar og alla krafta rússneskra byltingarsinna í einn flokk, er mun safna saman öllum þeim lífskrafti og hreinskilni, sem er að finna í Rússlandi.
Þá fyrst munu rætast spádómsorð rússneska verkalýðsbyltingarsinnans Pjotr Alexejevs: "Hinn vöðvastælti handleggur verkalýðsins mun lyftast og ok harðstjórnarinnar, sem varið er af byssustingjum hermannanna, mun molast mélinu smærra."

★

Reynslan af kjarabaráttunni
Um verkföll

VERKAMENN!
Án þekkingar um stéttarlegt eðli og orsakir verkfalla verður barátta okkar aðeins barátta um krónu til eða frá. Krónu, sem verður hirt af okkur aftur með verðhækkunum eða öðrum meðulum hins kapítalika ríkisvalds. Alþjóðleg baráttureynsla stéttarbræðra okkar í verkföllum við margbreytilegar aðstæður er vopnið, sem við verðum að beita gegn hertu arðráni og launaskerðingu auðvaldsins og til þess að geta gert verkfallsbaráttuna að byltingarsinnaðri baráttu fyrir sósíalismanum.
Lesið bæklinga KSML:
REYNSLAN AF KJARABARÁTTUNNI
(Strasborgarályktunin frá þingi Alþjóðasambands Rauðra Verkalýðsfélaga 1929)
og UM VERKFÖLL eftir V. I. Lenín.

„Púnktar á undanhaldinu“

VIÐTAL VIÐ JÓN ÞORLEIFSSON VERKAMANN

Jón Þorleifsson er verkamaður í Reykjavík, sem hefur fylgzt með hnignun verkalýðshreyfingarinnar í fjölda ára. Hann var félagi í gamla kommúnistaflokknum og síðar um tíma í Sósíalistaflokknum. Honum eru vel kunnug verk verkalýðsforystunnar og hefur hann, sem félagi í Dagsbrún, getað fylgzt með svikum hennar í ýmsum málum.

Stéttabaráttan hafði viðtal við Jón með það fyrir augum að kynna reynslu verkamanns af verkum þessa verkalýðsaðals, sem vermir skrifstofustóla verkalýðshreyfingarinnar.



Nokkrir forystumenn verkalýðshreyfingarinnar í dag, sem fyrir löngu hafa sagt skilið við lífskjör og baráttu verkalýðsstéttarinnar og ganga nú dyggir og vel launaðir erinda borgarastéttarinnar í stéttabaráttunni:
1. Eðvarð Sigurðsson. 2. Guðmundur J. Guðmundsson. 3. Jón Snorri Þorleifsson.
4. Björn Jónsson. 5. Snorri Jónsson.

Sp.: Jón, hvenær telur þú þig merkja fyrstu hnignunareinkennin í þeim hluta verkalýðshreyfingarinnar, sem hér áður var talinn vinstri armur hennar?

Sv.: Allt frá 1943, þegar Sósíalistaflokkurinn var að komast á jötuna, hef ég merkt hnignun verkalýðshreyfingarinnar. Þá er forystan orðinn hemill á baráttu verkalýðsins. Til dæmis má nefna, að þetta ár kom fram tillaga á Dagsbrúnarfundi um að segja upp samningum til að bæta kjörin. Þá stóð upp Sigurður Guðnason, þáverandi formaður Dagsbrúnar og þingmaður Sósíalistaflokksins, og sagði, að það mætti ekki, því það gæti valdið truflunum á "landvarnarvinnunni".
Nefna má nokkra púnkta á undanhaldinu.
1947 var samþykkt á Alþingi með atkvæðum allra krata, þar á meðal Hannibals Valdimarssonar, tillaga um að greiða laun skv. vísitölunni 300. En þá var vísitalan komin upp í 332 stig. Í launasamningum voru ákvæði um fulla vísitöluuppbót á laun, en um það hafði Dagsbrún samið 1942. Þessi sami Hannibal er 1954 gerður að forseta Alþýðusambandsins fyrir tilstuðlan þeirra, sem töldu sig lengst til vinstri í verkalýðshreyfingunni þá.
1956 kemst Hannibal í ráðherrastól á vegum Alþýðubandalagsins. Í fyrsta mánuðinum, sem hann var ráðherra, gaf hann út bráðabirgðalög, sem skertu laun hvers einasta launamanns á landinu. Þessi maður er 17 ár samfleytt forseti ASÍ, síðast kjörinn af flokkum fyrrverandi ríkisstjórnar sem verðug viðurkenning fyrir dygga þjónustu við þá ríkisstjórn í baráttunni gegn alþýðunni.

Sp.: Borgarastéttin hefur átt fleiri hauka í horni innan verkalýðshreyfingarinnar?

Sv.: Já, arftaki Hannibals er Björn Jónsson. Hann nýtur stuðnings sömu afla. Þessi Björn hefur unnið ýmiss afreksverk, t.d. 1955 var allsherjar verkfall hér sunnanlands, sem stóð fullar sex vikur. Mikil harka var í verkfallinu. Á miðju verkfallstímabilinu kom Arnarfellið með kaffifarm, sem var til kaupenda í Reykjavík. Skipinu var snúið beint til Akureyrar og þar var kaffinu skipað á land.
Það sem eftir var verkfallsins áttu verkfallsverðir sunnanlands í stöðugum útistöðum við fólk, sem var að smygla kaffi frá Akureyri, m.a. í líkkistum. Björn var þá formaður verkalýðsfélagsins Einingar þar nyrðra. Svo þegar búið var að semja eftir strangt verkfall hringir Björn suður til Dagsbrúnar og fær samningana símsenda norður. Hann hélt síðan stuttan fund með atvinnurekendum og fékk hliðstæða samninga. Árið eftir er Björn gerður að þingmanni Alþýðubandalagsins og stjarna þessa atvinnurekanda hefur farið síhækkandi, þrátt fyrir að hann hafi oftar en einu sinni stungið sér út úr sameiginlegri verkfallsbaráttu.
M.a. gerir hann 1965 leynisamninga við ríkisstjórnina um að síld frá Austfjörðum verði flutt til Akureyrar, þegar verkalýður annars staðar stóð í baráttu, m.a. með eftirvinnubanni.
1961 og 1965 sveik Björn Jónsson sameiginlega baráttu. Svo verður hann forseti ASÍ að tilstuðlan íhalds og krata, enda studdi hann þá stjórn á bak við tjöldin ásamt öðrum verkalýðsforingjum, svo sem Hannibal.
Þessir menn hafa sjáanlega samið við ríkisstjórnir, bæði íhalds og annarra, til að halda verkalýðnum í skefjum.

Sumarið 1958 er mikill áróður í Alþýðublaðinu og Morgunblaðinu fyrir því að verkalýðurinn geri kaupkröfur. Um haustir var samið um ca. 15% launahækkun, svo urðu stjórnarskipti í svartasta skammdeginu og þá kom stjórn, sem hafði óbeinan stuðning íhalds og Alþýðubandalagsins (Emelía), og í ársbyrjun 1959 er samþykkt á Alþingi, að kaup skuli lækka um tæp 14%.

Eftir að viðreisnarstjórnin var komin á var dýrtíðin stóraukin með m.a. gengisfellingu og afnámi dýrtíðaruppbóta á laun. Verkalýðsforustan vildi ekki hreyfa legg né lið.

Vorið 1961 er svo sagt upp samningum og lagt í verkfall, samið um 11% hækkun hjá Dagsbrún og vísitöluránið viðurkennt. Enn er samið í Júlíbyrjun, en í Júlílok er gengið lækkað um 13% með bráðabirgðalögum og skipulagðar verðhækkanir, svoleiðis að kaupmátturinn var eftir fáar vikur orðinn minni en hann var fyrir verkfallið. Viðbrögð verkalýðsforystunnar voru að kalla saman formannaráðstefnu, sem kom saman í Október. Hún gat ekki komið saman fyrr, því að utanríkisráðherra fór í reisu til Noregs með boðsgesti ríkisstjórnarinnar í Heklu gömlu og þ.á.m. var forseti ASÍ, Hannibal. Svo gerði ráðstefnan einhverjar ályktanir og afhenti ríkisstjórninni, en eftir því sem ég komst næst henti ríkisstjórnin þeim í ruslakörfuna og ekki kom til frekari mótmæla forystuliðsins.

Sp.: Eru Alþýðubandalagsmennirnir í verkalýðsforystunni í dag ekki skeleggari?

Sv.: Nei, alls ekki, t.d. var í árslok 1963 samið um 15% launahækkun, en strax í ársbyrjun 1964 er skellt á söluskatti og ýmsu þvíumlíku. Þeim, sem stunduðu verzlun, voru gefnar frjálsar hendur með hækkanir, svo eftir fáar vikur voru launin orðin lægri en þau voru fyrir samningana, og þannig sami leikurinn endurtekinn. Það hafði verið samið til sex mánaða, en það mátti ekki einu sinni halda mótmælafundi. En svo semur Eðvarð Sigurðsson, formaður Dagsbrúnar, við atvinnurekendur og ríkisstjórn um að samningarnir skulu framlengdir um eitt ár gegn því, að atvinnuleysistryggingasjóður afhenti Húsnæðismálastjórn fé til lána út á byggingar, án þess að það væri nokkur trygging fyrir því, að það væru félagar úr verkalýðshreyfingunni, sem fengju lánin. Ég veit fjölda dæma um, að lán hafi farið til annarra og jafnvel til byggingabraskara eða orðið vatn á myllu þeirra.

1965 samdi Eðvarð um 3 1/2% hækkun. Eðvarð sagði á fundi í Dagsbrún, að það væri útilokað að fá meira - ekki hægt. En það var á allra vitorði, að yfirborganir 10 - 20% eða jafnvel meira tíðkuðust, og flesta daga sumarsins voru menn hjá Eimskip látnir vinna til kl. 19.1o og fengu tvöfalda klukkustund í næturvinnu, en þetta var ekkert annað en dulbúin yfirborgun.

Haustið 1967 voru Dagsbrún og mörg önnur félög búin að segja upp samningum og boða verkfall frá 1. desember. Nokkrum dögum áður en verkföllin skyldu skella á kom fram frumvarp frá ríkisstjórninni um gengislækkun og afnám dýrtíðartryggingu launa, sem var talinn stóri sigurinn frá 1966 að fá aftur í samninga. Áður en frumvarpið var lagt fram var ríkisstjórnin búin að tryggja sér með samráðum við verkalýðsforystuna, að boðuðum verkföllum skyldi aflýst.

Þetta eru örfáir menn, sem ráða ráðum sínum, að lokinni hverri kauphækkun er strax tekið allt aftur með ýmsum aðgerðum.

1968 var mikil óánægja með launarýrnun vegna gengislækkunar og farið í verkfall í Mars.
18. mars er kallaður saman fundur í Dagsbrún um samninga, sem samninganefndin var búin að samþykkja fyrir sitt leyti. Var óánægja með samningana meðal fjölda fundarmanna, því samningarnir hljóðuðu upp á lakari kjör en þau voru fyrir samningana

voru fyrir uppsögn samninganna, en betri en þau voru eftir gengisfellinguna.
Eðvarð talaði mikið fyrir því, að samningarnir yrðu samþykktir. Það mætti til, þó þeir væru ekki eins góðir og æskilegt væri, vegna þess að það ætti að gera svo mikið í atvinnuleysismálum og talaði hann mikið um góðan vilja ríkisstjórnarinnar í því sambandi. Samningarnir voru samþykktir.
Þegar þetta skeði voru um 600-700 manns skráðir atvinnulausir hér í Reykjavík og hliðstætt víða um landið. Atvinnuleysið hélt áfram allt árið, fleiri hundruð skráðir. Ég varð ekki var við, að annað væri gert í atvinnuleysismálum en að nokkru síðar er skipuð fimm manna nefnd, tveir frá atvinnurekendunum, tveir frá verkalýðssamtökunum, þeir Eðvarð Sigurðsson og Snorri Jónsson, og Jóhann Hafstein, þáverandi dómsmálaráðherra, skipaður af ríkisstjórninni sem formaður nefndarinnar.

Í Dagsbrún var aðalfundur 3. apríl og svo seint í Nóvember var fundur, sem var skammtaður hálfur annar klukkutími. Annar fundur í Mars 1969. Þetta var starfsemi félagsins, þrátt fyrir mikið og stöðugt atvinnuleysi, verðhækkanir og gengislækkun á tímabilinu.
Í Janúar 1969, um það bil tíu mánuðum eftir að fundurinn var haldinn í Gamla Bíói, varð ég svo ósvífinn að spyrja Eðvarð Sigurðsson, hvað nefndin hefði gert. Eðvarð spurði mig, hvort ég fylgdist ekki með. Ég sagðist ekki fylgjast með öllu. Hvort ég læsi ekki blöðin? Ég les ekki allt, sem í þeim kemur. Lestu ekki Þjóðviljann? Ég les hann eins og önnur blöð, en hvers vegna má ég ekki vita, hvað þessi nefnd hefur gert? Hún hefur ekkert gert, sagði Eðvarð.

En ég las í Þjóðviljanum um sumarið þá frétt, að það hefðu átta menn farið til Svíþjóðar í boði Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu, sem hefur höfuðstöðvar í París. Fjórir frá samtökum atvinnurekenda, þ.á.m. Björgvin Sigurðsson, og fjórir frá verkalýðssamtökunum. Frá verkalýðssamtökunum fóru Hannibal, Björn Jónsson, Eðvarð Sigurðsson og Snorri Jónsson. Svo las ég í Morgunblaðinu á gamlársdag áramótahugleiðingu Jóhanns Hafsteins, sem var formaður nefndarinnar, og einum kafla greinarinnar eyðir hann í að hæla Eðvarði Sigurðssyni og það var eini maðurinn, sem hlaut þann heiður, ef heiður skyldi kalla.

Þennan vetur framdi tékkneskur stúdent sjálfsmorð og var talað mikið um þann hörmulega atburð þá og jafnvel allt til þessa dags.
En þeim mun minna var talað um það, að á jólaföstunni, einn fimmtudagsmorgun, gafst einn atvinnuleysingi upp og gekk í höfnina og fannst rekinn löngu síðar. Og næsta laugardagskvöld gekk annar atvinnuleysingi í höfnina og var veiddur upp úr henni á sunnudagsmorguninn. Orsökina vissi ég vegna náinna kynna af fjölskyldum þessara manna.



VÍETNAM, frh. af forsíðu

þeirri forsendu, að nokkur smáatriði þyrftu nánari viðræðna við. Síðan fóru þeir að beita leppum sínum í Saigon, Thieu-klíkunni, fyrir sig. USA-heimsvaldasinnarnir vísuðu til ummæla leppstjórnarinnar í Saigon um að hún gæti ekki gengizt inn á þessa samninga. Létu hana um að tala herskárri tungu, en þóttust friðarsinnar sjálfir.

Þetta þóf eru bara undanbrögð, því að Thieuklíkan er algjörlega í höndum USA-heimsvaldasinnanna og jafn háð þeim og lús er háð skít. Þannig segir Thieu það, sem USA-heimsvaldasinnarnir vilja ekki segja sjálfir opinberlega. Heitasta ósk þeirra er nefnilega að koma á nýjum Genfar-samningum. Samningum, sem hafa glufu, til að þeir geti haldið áfram afskiptum af innanríkismálum í Indókína.

Undanbragðapólitíkinni hafa þeir beitt fyrir sig til að draga óhjákvæmilegan ósigur sinn á langinn og að hervæða enn ákafar leppstjórnina í Saigon. Hergögnum hefur verið hrúgað upp í herstöðvum þar. Hergagnasendingum á leið til annarra landa hefur verið snúið til Saigon. Núna hefur Thieu yfir að ráða þriðja stærsta herflugflota í heimi. En allt kemur fyrir ekki, því eins og kommúnistarnir benda ætíð á í svona málum: "það sem ekki hefur unnizt í baráttunni er ekki hægt að vinna í samningaviðræðum."

Her Thieu-klíkunnar er sem sagt vel búin vopnum og hefur rétt til að "endurnýja reglulega vopn, skotfæri og hergögn, sem eru slitin eða skemmd". Þetta þýðir, að USA getur haldið áfram að styðja áhangendur sína í Víetnam og Thieu-klíkan er áreiðanlega ekki viljug til að láta völd sín af hendi baráttulaust.

Frá nýlýðræðislegu byltingunni til sósíalismans.

Þó að USA-heimsvaldasinnarnir séu enn sterkustu heimsvaldasinnarnir, þá eru þeir á undanhaldi á heimsmælikvarða. Þjóðfrelsisherinn í Suður-Víetnam hefur greitt þeim þung högg og aðrir heimsvaldasinnar, sem voru þeim áður undirgefnir, eru byrjaðir að setja sig upp á móti þeim (sjá nánar greinina: Heimsvaldasamsteypurnar undirbúa nýja heimsstyrjöld í harðnandi kreppu, á bls. 3). Þeir eru byrjaðir að undirbúa sig undir að hörfa til "hinnar víglínunnar", sem liggur um Filippseyjar og Thailand. En í báðum þessum löndum er alþýðustríðið hafið undir forystu marxista-lenínista að fordæmi félaganna í Víetnam. Ef USA-heimsvaldasinnarnir ganga að fyrrnefndum samningum þýðir það stórt skref til sigurs í nýlýðræðislegu byltingunni í Indókína. Stórt skref, en ekki endanlegt. Hin vopnaða barátta getur blossað upp á nýtt, áður en afturhaldsöflin verða endanlega brotin á bak aftur.

Sigur nýlýræðislegu byltingarinnar mun opna nýtt skeið í þróun landanna í Indókína. Skeið þróunarinnar til sósíalisma. Þetta skeið mun einkennast af auknum móthverfum milli þeirra stétta og pólitísku afla, sem vilja hætta á miðri leið og þeirra, sem vilja halda áfram - fram á við til alræðis öreiganna, sósíalismans!

Brambolt smáborgaralegu sósíalistanna

Forysta svokallaðrar "vinstri" hreyfingar á Íslandi hefur undanfarna áratugi verið í höndum smáborgaralegra menntamanna og hentistefnu"sósíalista". Höfuðvígi sín hafa þeir haft í flokkum og samtökum eins og Sameiningarflokki Alþýðu - Sósíalistaflokknum, Alþýðubandalaginu, Fylkingunni og fleiri uppákomum í líki samtaka gegn einu og öðru. Það sem er sammerkt með öllum þessum hreyfingum er sá grundvöllur, sem pólitík þeirra hefur staðið á: endurbótastefna og stéttasamvinna.



Íslenzkir kapítalistar hrósa happi yfir meinlausu brambolti smáborgaralegu sósíalistanna, sem miðar að því að beina baráttu verkalýðsstéttarinnar frá sínum raunverulega óvini. Með óraunverulegri kenningu sinni um sjálfstæðisbaráttu íslenzku þjóðarinnar í dag eru smáborgaralegu sósíalistarnir ómetanlegur stuðningur við arðráns- og kúgunarkerfi íslenzka einokunarauðvaldsins, samtímis því sem þeir eru ein af hindrunum í vegi fyrir sjálfstæðri skipulagningu öreigastéttarinnar á byltingargrundvelli.

Síðan marxísku-lenínísku námshóparnir, sem nú hafa myndað KSML, hófu starf, hefur ekki linnt árásum á þá af hálfu "sósíalista" hinna ýmsu samtaka. Þessi andstaða sprettur af því, að þessir "verkalýðsvinir" óttast ekkert frekar en skipulagningu öreigastéttarinnar á byltingargrundvelli. Þess vegna hafa þeir barizt gegn þeim, sem reka kommúníska pólitík; þ.e. þeir hafa barizt gegn aukinni þekkingu verkalýðsins.

"Sósíalistarnir" hafa beitt ýmsum meðulum fyrir utan lygasögur og óhróður í áróðri sínum gegn KSML. Þeir hafa rambað út á ritvöllinn og reynt að "sýna fram á ranga pólitík KSML". Dugnaðurinn hefur verið mestur hjá Fylkingunni, enda eru þeir sem stendur athafnasamasti hluti þessarar smáborgaralegu samsuðu, sem "vinstri" hreyfingin er.

Í 7. tbl. Neista '72 er grein í föðurlegum tón, sem ber heitið: "Staða og starfshættir byltingarsinna". Þar er leitast við að klína helztu innanmeinum Fylkingarinnar upp á aðra (sérstaklega KSML) og Fylkingin gerð að einhvers konar höfuðstöð alls byltingarstarfs á Íslandi.

Þeir sem hafa minnstu innsýn í "starf" Fylkingarinnar er vel ljóst, hversu hlægilegt tal þeirra um "byltingargasprara" og fylgjendur "postulanna fimm" er. Það sem einkennt hefur "starf" Fylkingarinnar eru strjál upphlaup og byltingardraumórar (samanber "Che Guevara aðgerðirnar" í Hvalfirði um árið). Þessi athafnasemi Fylkingarinnar hefur verið víðsfjarri baráttu verkalýðsins og helzt hlotið þau örlög að verða umræðuefni saumaklúbba.

Í greininni stendur: "Það er alls ekki svo óalgengt að rekast á fólk, sem telur, og það af sannfæringu, að byltingarsinnuð fræðikenning sé eins konar biblía, samin af "5 erlendum postulum" og starf byltingaraflanna sé sambærilegt við trúboð. Þegar svo nægilegur fjöldi hafi játast hinni nýju "trú" muni hann hrifsa til sín völdin og byggja nýtt þjóðskipulag. Ekkert er fjær sannleikanum."

Hér glottir við okkur "þekking" Fylkingarfuglanna á byltingarsinnuðu fræðikenningunni. Þegar þeir rekast á fólk, sem byggir sína pólitík á marxismanum-lenínismanum, verða þeir svo snarruglaðir, sem að ofan má sjá.

Í rugluðum kolli þeirra verður kommúnískur áróður að "trúboði" og fimm mestu marxistarnir-lenínistarnir að "postulum". Og afleiðingarnar á takmarkalausri vanþekkingu láta ekki á sér standa, við skulum halda tilvitnunni áfram:
"Grundvöllur hinnar sósíalísku byltingar eru einmitt innri meinsemdir hins kapítalíska skipulags. Þjóðskipulagið er orðin hindrun fyrir þá þjóðfélagslegu framvindu, sem alþýðan stefnir að." (undirstr. okkar).

Það er skammt stórra högga á milli. Fyrri hluti tilvitnunarinnar afneitar hlutverki hins meðvitaða þáttar í byltingarbaráttunni, marxismans-lenínismans, en sá seinni er fullkomið fall fyrir því sjálfsprottna (spontana) í baráttu verkalýðsins.

Hvert stefnir alþýðan í auðvaldsþjóðfélagi eins og á Íslandi? Stefnir hún sjálfkrafa að sósíalísku byltingunni? Væri það tilfellið, væru þá nokkur not fyrir framvörð, sem þekkti leiðina (kommúnistaflokk), væri þá nokkur þörf á byltingarsinnaðri fræðikenningu? Nei, alls ekki, hlutverk kommúnista væri þá að elta "alþýðuna" og klappa henni lof í lófa þann daginn, sem hún, allt í einu, stæði yfir rústum auðvaldsins.

Hér sjáum við orsök og afleiðingu; algert þekkingarleysi á byltingarsinnaðri fræðikenningu og þar af leiðandi engir möguleikar til að starfa á framsýnan hátt, allt "byltingarstarf" Fylkingarinnar er fyrirfram misheppnað. Þessi "baráttusamtök sósíalista" þefa uppi hverja sjálfsprottnu hreyfinguna á fætur annarri og dingla með í allra handa smáborgaralegum hreyfingum (t.d. Herstöðvaandstæðingar) og þá skiptir engu máli hvert stefnir; hreyfingin allt - markmiðið ekkert. Allt vafstur Fylkingarinnar alla sína hundstíð hefur ekki leitt verkalýðsstéttina fram um hænufet.

GEGN HERVALDI - GEGN AUÐVALDI - MEÐ AUÐVALDI.

Um þessar mundir svífur mikill baráttuandi yfir Háskólanum og víðar, þar sem smáborgaralegu sósíalistarnir hafa fundið sér griðastað. Gegn hervaldi - gegn auðvaldi æpa þeir og horfa suður til Keflavíkur. Þar sjá þeir hið alþjóðlega auðvald og hið alþjóðlega hervald og fyllast eldmóði og heift og vilja "hreinsa" landið af ósómanum. Kröfurnar eru: Herinn burt og Ísland úr NATO. Þannig hyggjast þeir "einangra" íslenzkt auðvald frá því alþjóðlega og telja íslenzka auðvaldið létt með farið að loknum þessum afrekum.

Við skulum láta Fylkinguna lýsa verkefninu: "Sem sagt að leitast við að skapa þær aðstæður, að það verði fyrst og fremst gagnvart íslenzkri auðvaldsstétt, sem verkalýðurinn standi, íslenzkri auðvaldsstétt sem mest einangraðri frá alþjóðlegu auðvaldi sem er eðlilegur bandamaður hennar." (Neisti 7. tbl. '72, bls. 4). Og hverjir eru það, sem ætla að framkvæma verkefnið fyrir verkalýðinn? Jú, allir "vinstri" mennirnir, sem harðastir eru nú í baráttunni fyrir íslenzku borgarastéttina í útfærslu einokunarsvæðis hennar.
"Vinstri"mennirnir, sem halda miklar mótmælahátíðir gegn erlendu hervaldi og auðvaldi.
"Vinstri"mennirnir, sem berjast hatrammlegast gegn sjálfstæðri skipulagningu verkalýðsins á byltingargrundvelli.
"Vinstri"mennirnir, sem sífellt tala um sjálfstæðisbaráttu íslenzku þjóðarinnar og prédika, að öreigarnir eigi sameiginlegan málstað með borgarastéttinni í hverju málinu á fætur öðru og hamast við að breiða yfir stéttaandstæðurnar.

Til þess að skilja pólitík þessara mannvina verðum við að gera okkur grein fyrir því að þeir tala máli smáborgarastéttarinnar. Smáborgarastéttin finnur hag sínum stefnt í voða á tímum sívaxandi einokunar og hún á heldur enga framtíð fyrir sér í sósíalíska skipulaginu. Þess vegna vill hún gera auðvaldsskipulagið "mannlegra" og "þægilegra" fyrir smáborgarana og hún leitast við að snúa hjóli tímans sér í hag. Með því að boða "sjálfstæðisbaráttu" leitast hún við að fylkja verkalýðnum undir merki sín.

Baráttan verður með þessum hætti afturhaldssöm; þjóðrembingur. Við sjáum það glöggt í landhelgismálinu. Þar er boðorðið: Ísland fyrir Íslendinga og því haldið fram, að Íslendingar séu allir á sama báti, arðræningjar og arðrændir. Í herstöðvamálinu er sama uppi á teningnum.



En nú þegar eru höggvin skörð í múra hinnar borgaralegu hugmyndafræði og byltingarsinnað starf á stéttargrundvelli öreiganna hafið. Stéttvísir verkamenn vita hver höfuðóvinur öreigastéttarinnar er: íslenzka auðvaldið.
BARÁTTA OKKAR HÉR ER STÉTT GEGN STÉTT.

Að vísu ræða þeir stundum um, að hluti borgarastéttarinnar sé vafasamur, heildsalaauðvaldið sé slæmt og sérlega sé það óþjóðlegt í landhelgismálinu, en samt sem áður ... niður með erlent hervald og niður með erlent auðvald.

Hvernig skal þá íslenzka "auðvaldið" einangrað? Þýðir sigur íslenzku borgarastéttarinnar í landhelgismálinu að þeir einangrist frá erlendu auðmagni? Þýðir það, að herstöðin verður lögð niður, ef íslenzka borgarastéttin einangrast?

Í fyrsta lagi er einangrun auðvalds eins lands gjörsamlega óhugsandi á núverandi þróunarskeiði auðvaldsþjóðfélagsins - stigi heimsvaldastefnunnar, þar sem auðmagnið á sér engin landamæri.

Í öðru lagi á öreigastéttin enga sameiginlega hagsmuni með borgarastéttinni í baráttu hennar gegn borgarastétt annars lands fyrir eigin hagsmunum, nema eingöngu í þeim tilfellum, þar sem þjóðlega sjálfsákvörðunarréttinum er ógnað, en þá sem sjálfstætt leiðandi afl.
Um slíkt er ekki að ræða í landhelgismálinu.

Sjái íslenzk borgarastétt hag sínum betur borgið utan NATO mun það leiða af sér uppbyggingu innlends hers í einhverri mynd. Ríkisvald borgaranna á Íslandi er í engu frábrugðið ríkisvaldi annarra borgarastétta, þótt það í dag hafi sérstöðu varðandi kúgunartæki og hafi gegnum Natosáttmálann aðgang að erlendum her.

Verkalýðurinn getur aðeins með eigin skipulagningu á byltingarsinnuðum grundvelli til barátttu gegn innlendu auðvaldi bætt stöðu sína í stéttabaráttunni. "Öreigalýður hvers lands verður auðvitað fyrst að gera sinni eigin borgarastétt skil." (Kommúnistaávarpið).

Í stéttabaráttunni er aðeins tveggja kosta völ: að starfa framsýnt á grundvelli öreigastéttarinnar fyrir sósíalismanum eða starfa til stuðnings borgarastéttinni í ýmsum myndum.

DÍALEKTISKA
OG
SÖGULEGA
EFNISHYGGJAN



KSML hafa hafið útgáfu á efni grundvallarnámshringsins. Fyrsti bæklingurinn er Díalektíska og sögulega efnishyggjan eftir Stalín úr "Sögu Kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna (B)", sem er lesefni 2. námsfundar. Verð bæklingsins er 100 kr. Einnig verða aðrir námsfundir gefnir út í bæklingsformi og sá næsti er um flokkinn; 8. námsfundur.

Aðrir væntanlegir bæklingar á vegum KSML eru: Heimsvaldastefnan og klofningur sósíalismans eftir Lenín og Eldlína hinnar sósíalísku frelsisbaráttu - Saga Víetnam stríðsins.

Styðjum baráttusjóð KSML!

Hvernig getum við stutt starf KSML þannig að gagni komi? Bezt er að sjálfsögðu að taka þátt í byltingarstarfinu, en þeir, sem ekki geta komið því við, geta stutt samtökin fjárhagslega.
Eins og verkamaðurinn verða þau að afla sér fjár til að lifa.

Engin landhelgissöfnun, heldur baráttusjóður KSML!
Sölumenn STÉTTABARÁTTUNNAR veita framlögum viðtöku.

STÉTT GEGN STÉTT

„VALKOSTIR..." frh. af forsíðu

Leið verkalýðsstéttarinnar er leið sósíalísku byltingarinnar.

Auðvaldsþjóðfélagið lifir nú sína síðustu tíma í heiminum í dag. Hvarvetna eru hin framsæknu öfl í sókn. Verkalýðsstéttinni er aðeins ein leið fær út úr hlekkjum launavinnuþrældóms og stéttarkúgunar. Hún verður að skipuleggja sig á byltingargrundvelli og byggja sér kommúnistaflokk, sem á hefur að skipa framsýnustu og sterkustu kröftum og er skipulagsmiðstöð stéttarinnar í stéttabaráttunni.

Stéttvíst verkafólk og aðrir byltingarsinnar!
Takið þátt í byltingarsinnuðu námsstarfi KSML!
Takið þátt í starfinu fyrir uppbygging stéttarflokks öreiganna!
Hafið samband við KSML (sjá bls. 4).

LÆRUM AF STÉTTABARÁTTUNNI OG GERUM ÞEKKINGU OKKAR AÐ VOPNI TIL FLOKKSMYNDUNAR!

kjara verkafólks, en sókninni verði framhaldið til betri kjara, traustara atvinnulífs og aukins félagslegs réttlætis."

Lengi má þynna það þunna!
Hér fer ekki á milli mála fyrir munn hverra er talað. Svart á hvítu segir, að við erfiðleika sé að stríða, sem oft fylgi mikilli velmegun og örri uppbyggingu! Einmitt viðurkenning á tilvist kreppanna, sem eru offramleiðslukreppur, vegna (einmitt rétt!) mikillar velmegunar..., en - velmegunar viss hluta þjóðfélagsins, borgarastéttarinnar. Þessir erfiðleikar felast í lækkandi gróðahlutfalli auðmannanna, sem stafar af því að hinar framleiddu vörur seljast ekki. Og það, sem Þjóðviljinn kallar "að beina íslenzku atvinnulífi inn á brautir hagrænni og skipulagðari reksturs" er einfaldlega að treysta valdaaðstöðu og arðránsmöguleika borgaranna með stuðningi ríkisvaldsins og sífellt meiri undirgefni verkalýðsforystunnar við hagsmuni auðvaldsins.

AUÐVALDIÐ BÝÐUR AÐEINS UPPÁ LAUNAÞRÆLKUN -

SÓSÍALISMINN

EINA LAUSNIN FYRIR VERKALÝÐSSTÉTTINA!

GENGISFELLINGIN ER ORÐIN AÐ VERULEIKA. Þ. 17. ÞESSA MÁNAÐAR LÝSTI RÍKISSTJÓRNIN ÞVÍ YFIR Í NAFNI ATVINNUÖRYGGIS OG KAUPMÁTTAR LAUNA, AÐ NÚ SKYLDU HERT TÖKIN Á ÍSLENZKUM VERKALÝÐ OG VERKAFÓLKIÐ LÁTIÐ TAKA Á SÍNAR HERÐAR ÞÁ VAXANDI KREPPU, SEM AUÐVALDIÐ Á NÚ VIÐ AÐ STRÍÐA.

Ólafur Jóhannesson forsætisráðherra lýsir orsökum þessarar launalækkunar ágætlega með eftirfarandi orðum: "Meginvandinn er fólginn í því að útgjaldaáform stefna fram úr framleiðslugetu þjóðarbúsins og að rekstrargrundvöllur atvinnuveganna er ekki nægilega tryggur."
Undirstaða þessara útgjaldaáforma er leitin að hámarksgróða fyrir íslenzka auðvaldið. Í hrifningu sinni yfir öllum þeim gróða, sem skuttogararnir 49 gætu gefið og með loforð ríkisstjórnarinnar um lán í vegarnesti, þá fjárfestu útgerðarborgararnir nær öllu sínu rekstrarfé í togarakaupunum. Nú sitja þeir því uppi með ný framleiðslutæki, en skortir fé til að hagnýta þau til að arðræna vinnu sjómannanna og frystihúsafólksins. Skv. Lúðvík Jósepssyni sjávarútvegsmálaráðherra þá skortir u.þ.b. 2000 milljónir króna í reiðufé til þess að geta haldið sjávarútveginum gangandi, þ.e.a.s. til þess að útgerðarborgararnir geti greitt verkalýðnum kaup og staðið undir viðhaldskostnaði.
Þessari kreppu, sem útgerðarauðvaldið og sósíalfasistarnir í ríkisstjórninni eiga við að stríða, ætla þeir að velta yfir á bök íslenzkrar öreigastéttar. Með gamalkunnum árásaraðferðum auðvaldsins mæta þeir þessari kreppu með því að taka út laun verkalýðsins í gegnum hækkað vöruverð og dýrara lifibrauð. Eins og ævinlega, þegar að þrengir hjá burgeisunum, þá eru það verkamennirnir, sem fá að borga brúsann. Og auðvaldið hefur tvær leiðir til að fara, þegar harðna fer í búi hjá þeim: annað hvort verða þeir að lækka

laun verkamannanna beint með því að minnka útborguð laun eða að þeir verða að éta upp laun verkalýðsins með hækkuðu vöruverði, dýrara húsnæði o. s. frv.

Í þessu tilviki valdi ríkisstjórnin þá síðarnefndu og felldi gengið um 10,7%. Og til þess að reyna að blekkja verkamennina og halda þeim sundruðum, svo að þeim takist ekki að ná árangri í baráttu fyrir efnahagslegum kjörum sínum, þá heldur "alþýðu"-stjórnin því fram, að "grundvallarmunur sé á þessari gengislækkun nú en áður" (Lúðvík), "gengisfellingin tryggir atvinnuöryggi og kaupmátt launa" (Ólafur) og "vísitalan verði á engan hátt skert, þannig að ekki verði gengið á almenna kjarasamninga í landinu" (Magnús).

Hver hugsandi verkamaður, sem verður með auknu striti sínu að taka út hækkanirnar á nauðsynjavörum nú fyrir jólin, sér, að þessi gengisfelling er sama taktíska árás á verkalýðsstéttina eins og allar þær gengisfellingar, sem urðu í tíð "íhalds"stjórnarinnar. Eini munurinn, sem á hefur orðið, er sá, að mennirnir, sem stjórna þessum aðgerðum núna, kalla sig sósíalista og alþýðuvini.

Ætli Magnús Kjartansson og Co. að standa við gerða kjarasamninga, þá verða þeir að:

- greiða verkalýðnum umsamin 6% frá síðustu samningum þann 1. marz n.k.
- endurgreiða verkalýðnum hin tvö "frystu" vísitölustig frá 1. sept. s.l.
- leiðrétta vísitöluna í samræmi við nýja gengið eða um 10,7%
- og endurgreiða verkalýðnum alla þá útgjaldahækkun, sem orðið hefur á tímabilinu frá gengisfellingunni og fram að vísitöluleiðréttingunni.

Allir verkamenn þekkja af eigin reynslu, að kapítalistarnir endurgreiða ekki út þá peninga, sem einu sinni hafa lent í pyngjunum þeirra.

Sannleikurinn er sá, að hin sósíalfasíska ríkisstjórn verður að grípa til lyga til þess að reyna að bjarga "verkalýðs"andlitinu á sér og missa ekki traust verkalýðsins. Alþýðubandalagið hefur nú sýnt sitt rétta eðli og það hefur áþreifanlega sannazt, að markmið þess er annað en markmið verkalýðsstéttarinnar. Með fasískum árásum sínum á verkalýðsstéttina undir flaggi sósíalismans reyna þeir að sundra verkalýðsstéttinni til þess að geta velt kreppu auðvaldsins yfir á herðar öreiganna. Í einum kór með hinum borgaralegu stjórn málaflokkunum hrína þeir, að öll vandræði auðvaldsins séu í raun verkamönnunum að kenna og þess vegna verði verkamennirnir að taka á sig sökina.

Markmið "alþýðu"stjórnarinnar er að viðhalda þjóðfélagskerfi kapítalismans og verja það gegn hvers konar andspyrnu af hálfu verkalýðsins. Í raun réttri eru þessir "alþýðuvinir" ekkert annað en sósíalfasistar, vegna þess að þeir játa sósíalismann með vörunum, en eru fasistar í verki.

Við stéttvísir verkamenn vitum, að svo lengi sem auðvaldsskipulagið ræður ríkjum, þá skiptir engu máli, hvort þeir, sem sitja í ríkisstjórn, kalla sig "alþýðu"stjórn eða "íhalds"stjórn. Hlutverk þeirra er aðeins eitt - að troða verkalýðinn niður í skítinn og herða arðránið á verkalýðsstéttinni.

Þjóðskipulag auðvaldsins getur aðeins boðið okkur kreppur á kreppur ofan, versnandi kjör verkalýðsins samfara vaxandi atvinnuleysi og húsnæðisleysi ásamt síendurteknum gengislækkunum. Svo lengi sem íslenzka auðvaldsskipulagið er til, þá vitum við, stéttvísir verkamenn, að hlutskipti verkalýðsins verður aðeins launaþrældómur. Það eru einungis við verkamenn sjálfir, sem getum frelsað okkur undan hlekkjum auðvaldsins. Einungis í þjóðskipulagi sósíalismans getum við verkafólk notið góðs af vinnu okkar. Þá verður afnuminn einkaeign á framleiðslutækjunum og öllu arðráni aflétt.
En þetta gerist ekki af sjálfu sér. Til þess þurfum við að sameina kraft stéttarinnar í öflug byltingarsamtök, sem geta leitt stéttina til sigurs yfir auðvaldsstéttinni undir merki kommúnismans.
Í dag eru aðeins ein samtök, sem tekizt hafa þetta verkefni á hendur, en það eru Kommúnistasamtökin m-l. Að vinna fyrir sósíalismann í dag þýðir þess vegna að taka þátt í byltingarstarfi með KSML
Þess vegna segjum við:
VERKAMENN OG AÐRIR BYLTINGARSINNAR! FYLKJUM OKKUR
UNDIR MERKI KSML MEÐ VÍGORÐUNUM:

NIÐUR MEÐ AUÐVALDSÞJÓÐFÉLAGIÐ!
- LIFI SÓSÍALISMINN, ALRÆÐI ÖREIGANNA!

NIÐUR MEÐ HEIMSVALDASTEFNUNA!
- LIFI ALÞJÓÐAHYGGJA ÖREIGANNA!

SÆKJUM MARKVISST FRAM TIL HINNAR SÓSÍALÍSKU BYLTINGAR!

Kommúnistasamtökin
marxistarnir-lenínistarnir.

LÆRUM AF STÉTTABARÁTTUNNI OG GERUM ÞEKKINGU OKKAR AÐ VOPNI TIL FLOKKSMYNDUNAR!

Öreigastéttin getur því aðeins afnumið hagkerfi kapítalismans, að hún skipuleggi sig á byltingargrundvelli - á grundvelli marxismans-lenínismans-hugsunar Maós Tsetungs. Til þess að geta farið rétta leið í stéttabaráttunni verður öreigastéttin að nema hin almennu atriði vísindalega sósíalismans og aðlaga þau séraðstæðum íslenzka auðvaldsþjóðfélagsins.

Kommúnistasamtökin marxistarnir-lenínistarnir hafa hafið baráttustarfið fyrir myndun kommúnistaflokks, sem hefur það sögulega verkefni að leysa: að leiða öreigastéttina fram til sigurs í stéttabaráttunni, afnema séreignarrétt íslenzku borgarastéttarinnar á framleiðslutækjunum og byggja upp hið sósíalíska þjóðskipulag undir alræði öreiganna.

Kommúnistasamtökin m-l hafa smíðað grundvallarnámshring í marxismanum-lenínismanum úr tiltæku lesefni á íslenzku í dag.

STÉTTVÍSIR VERKAMENN OG STUÐNINGSMENN ÖREIGASTÉTTARINNAR! TAKIÐ ÞÁTT Í BYLTINGARSINNUÐU NÁMSSTARFI KSML!

Hafið samband við sölumenn Stéttabaráttunnar og Rauða Fánans eða Hjálmtý Heiðdal (sími 12993) eða skrifið til KSML.

Málgögn KSML: STÉTTABARÁTTAN - Vopn þitt í baráttunni gegn kúgun og arðráni auðvaldsins.

RAUÐI FÁNINN - Fræðilegt málgagn marxista-lenínista.

Styðjið framverði öreigastéttarinnar - Gerizt áskrifendur.

Lesið bæklinga KSML:

REYNSLAN AF KJARABARÁTTUNNI.

UM VERKFÖLL. (Lenín)

HIN DÍALEKTÍSKA OG SÖGULEGA EFNISHYGGJA. (Stalín)

Væntanlegir:

HEIMSVALDASTEFNAN OG KLOFNINGUR SÓSÍALISMANS. (Lenín)

ELDLÍNA HINNAR SÓSÍALÍSKU FRELSISBARATTU - SAGA VÍETNAMSTRÍÐSINS.

UM FLOKKINN.

STYÐJIÐ BARÁTTUSJÓÐ KSML!

KOMMÚNISTASAMTÖKIN MARXISTARNIR-LENÍNISTARNIR,
PÓSTHÓLF 1357, REYKJAVÍK.